

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin

96/EES/11/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/95 frá 16. maí 1995 um breytingu á I. II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.02
96/EES/11/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.....06 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB frá 31. maí 1995 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og með hliðsjón af vægi eignaliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð Evrópubandalaganna.....07
96/EES/11/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.....09 Tilskipun ráðsins 95/19/EB frá 19. júní 1995 um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds.....10
96/EES/11/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.....14 Tilskipun ráðsins 95/18/EB frá 19. júní 1995 um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja.....15
96/EES/11/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.....20 Ályktun ráðsins 95/C 169/01 frá 19. júní 1995 um þróun járnbrautarflutninga og samsettra flutninga.....21
96/EES/11/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.....23 Ályktun ráðsins 95/C 169/02 frá 19. júní 1995 um tilflutning á sviði flugrekstrar.....24
96/EES/11/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.....25 Ályktun ráðsins 95/C 169/03 frá 19. júní 1995 um félagslega samhæfingu í farmflutningum á vegum á innri markaðinum.....26

96/EES/11/08	<p>Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn..... 27</p> <p>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á jarðvegsbæti umhverfismerki bandalagsins 28</p> <p>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/924/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á salernispappír umhverfismerki bandalagsins 32</p> <p>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/925/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á eldhúsrúllum umhverfismerki bandalagsins 42</p> <p>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</p> <p>4. Ráðgjafarnefnd EES</p> <p>II EFTA-STOFNANIR</p> <p>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</p> <p>2. Eftirlitsstofnun EFTA</p> <p>3. EFTA-dómstóllinn</p> <p>III EB-STOFNANIR</p> <p>1. Ráðið</p> <p>2. Framkvæmdastjórnin</p>
96/EES/11/09	<p>Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.717 - Viacom/Bear Stearns)..... 54</p>
96/EES/11/10	<p>Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.718 - Phoenix/Comifar).. 54</p>
96/EES/11/11	<p>Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.721 - Textron/Valois).... 55</p>
96/EES/11/12	<p>Tilkynning um samninga um samvinnu á sviði iðnaðar og um myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.895 - Mercedes-Benz, MTU, Detroit Diesel Corporation)..... 56</p>
96/EES/11/13	<p>Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.642 - Chase Manhattan/Chemical Banking)..... 56</p>
96/EES/11/14	<p>Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.674 - Demag/Komatsu)..... 57</p>
96/EES/11/15	<p>Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.661 - STRAGAB/Bank Austria/STUAG)..... 57</p>
96/EES/11/16	<p>Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt..... 58</p>
96/EES/11/17	<p>Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... 59</p> <p>3. Dómstóllinn</p>
96/EES/11/18	<p>Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna..... 61</p>
96/EES/11/19	<p>Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi..... 63</p>

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

96/EES/11/01

nr. 68/95

frá 15. desember 1995

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/95 frá 16. maí 1995 um breytingu á I., II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **395 R 1102:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/95 frá 16. maí 1995 (Stjttíð. EB nr. L 110, 10. 5. 1995, bls. 9).“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 110, 10. 5. 1995, bls. 9.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1102/95

frá 16. maí 1995

um breytingu á I., II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (¹), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3059/94 (²), einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og

nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber tilmikósíni við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Með hliðsjón af þeim efnum sem nú eru notuð við dýralækningar ber að bæta rómífíðíni, detómíðíni, kóríóngónadótrófíni úr mönnum, brótísólami, kalsíumhýpófósíðí, kalsíumasetati, kalsíumprópíonati, kalsíumbensóati, kalsíummalati, kalsíumklóríðí, kalsíumsúlfati, kalsíumhýdroxíðí, kalsíumoxíðí, kalsíumfosfati, kalsíumpólýfosfötum, kalsíumsilíkáti, kalsíumglúkónati, kalsíumkarbónati og kalsíumsterati við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber kóríóngónadótrófíni úr mönnum, kalsíumhýpófósíðí, kalsíumasetati, kalsíumprópíonati, kalsíumbensóati, kalsíummalati, kalsíumklóríðí, kalsíumsúlfati, kalsíumhýdroxíðí, kalsíumoxíðí, kalsíumfosfati, kalsíumpólýfosfötum, kalsíumsilíkáti, kalsíumglúkónati, kalsíumkarbónati og kalsíumsterati við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90. Samkvæmt framreikningi á vísindalegum gögnum skal þessi flokkun í II. viðauka gilda um allar dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Bæta ber netóbímíni við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90 svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE (³), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE (⁴).

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 110, 10. 5. 1995, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 323, 16. 12. 1994, bls. 15.

(³) Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(⁴) Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2.4. Makrólíðar

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.4.2. Tilmikósín	Tilmikósín	Sauðfé Svín Sauðfé	1 000 $\mu\text{g}/\text{kg}$ 50 $\mu\text{g}/\text{kg}$ 50 $\mu\text{g}/\text{l}$	Lifur, nýra Vöðvi, fita Mjólk	

B. Við „1. Ólífræn efnasambönd“ í II. viðauka bætist eftirfarandi liður:

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
1.5. Kalsíumasetat Kalsíumbensóat Kalsíumkarbónat Kalsíumklóríð Kalsíumglúkonat Kalsíumhýdroxíð Kalsíumhýpófósíð Kalsíummalat Kalsíumoxíð Kalsíumfosfat Kalsíumpólýfosföt Kalsíumprópíonat Kalsíumsilíkat Kalsíumsterat Kalsíumsúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

Við „2. Lífræn efnasambönd“ í II. viðauka bætist eftirfarandi liður:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
2.1.2. Rómífíðín	Hófdýr	Aðeins til lækninga
2.1.3. Detómíðín	Nautgripir, hófdýr	Aðeins til lækninga
2.1.4. Brótísólam	Nautgripir	Aðeins til lækninga
2.1.5. Kóríóngónadótrófín úr mönnum (HCG)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

C. III. viðauka er breytt sem hér segir:

2. Sníklaeyðar

2.1. Innsníklalyf

2.1.1. Bensímíðasól og pró-bensímíðasól

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„ 2.1.1.7. Netóbímín	Summan af netóbímíni og albendasóli og umbrotsefni albendasóls, mæld sem 2-amínó-bensímíðasólsúlfón	Nautgripir, sauðfé, geitur	1 000 $\mu\text{g}/\text{kg}$ 500 $\mu\text{g}/\text{kg}$ 100 $\mu\text{g}/\text{kg}$ 100 $\mu\text{g}/\text{kg}$	Lifur Nýra Vöðvi, fita Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 31. júlí 1997“

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/02

nr. 69/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB frá 31. maí 1995 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og með hliðsjón af vægi eignaliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð Evrópubandalaganna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 89/647/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB frá 31. maí 1995 (Stjttíð. EB nr. L 125, 8. 6. 1995, bls. 23).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjttíð. EB nr. L 224, 21. 9. 1995, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 35, 21. 9. 1995, bls. 1.

(²) Stjttíð. EB nr. L 125, 8. 6. 1995, bls. 23.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/15/EB

frá 31. maí 1995

um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og með hliðsjón af vægi eignaliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð Evrópubandalaganna(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989 um eiginfjárhlutfall lánastofnana⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 92/30/EBE ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í öðrum undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/647/EBE er „svæði A“ skilgreint sem „öll aðildarríki og öll önnur lönd sem eru fullgildir aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og þau lönd sem hafa gert sérstaka lánsamninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) í tengslum við hið almenna lántökufyrirkomulag sjóðsins (GAB)“.

Fram að þessu hefur fullgild aðild að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) verið talin hentugasta viðmiðunin til að greina lánsáhættu milli landa með hliðsjón af vægi eignaliða sem fela í sér kröfur á eða eru með beinni ábyrgð þessara landa.

Fullgildum aðilum að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni fjölga um þessar mundir þar sem önnur lönd hafa náð hærra þróunarstigi auk þess sem lýðræðislegt og efnahagslegt frelsi hefur aukist í samræmi við almennar meginreglur um aðild að stofnuninni.

Út frá varfærnisþingarmíði er mikilvægt að viðhalda lánstrausti allra landa sem flokkast undir „svæði A“. Af þessum sökum ber að bæta nýrri viðmiðun við skilgreininguna á „svæði A“. Í þessari viðmiðun skal felast að hvert það land sem umbreytir erlendum ríkisskuldum skal útilokað frá „svæði A“ í fimm ár. Sama viðbótarviðmiðunin hefur verið tekin upp í Basel-samkomulaginu um fjármagn og æskilegt er að samræmis sé gætt við þetta samkomulag.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 125, 8. 6. 1995, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52.

Í öðrum undirlið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/647/EBE er kveðið á um að tæknilegar breytingar sem varða skilgreininguna á „svæði A“ í 2. gr. skuli fara fram með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

Þegar tilskipun 89/647/EBE var samþykkt var ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að lán gætu verið með beinni ábyrgð Evrópubandalaganna. Þar af leiðandi var ekki beinlínis kveðið á um lægra vægi í tilskipuninni og því er vægi eignaliða sem Evrópubandalögin ábyrgjast látið vera 100% eins og sakir standa.

Í 3. og 7. tölul. a-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/647/EBE er núllvægi hins vegar látið gilda um eignaliði sem fela í sér kröfur á Evrópubandalögin og eignaliði sem eru tryggðir á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með verðbréfum sem eru gefin út af Evrópubandalögunum.

Ekki er við hæfi að láta 100% vægi gilda um eignaliði sem eru með beinni ábyrgð Evrópubandalaganna og því ber að láta núllvægi gilda um þá til að tryggja samhliðan við 3. og 7. tölul. a-liðar 1. mgr. 6. gr.

Í fjórða undirlið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/647/EBE er kveðið á um að tæknilegar breytingar, sem ganga út á það að breyta skilgreiningunum á eignum sem frá er greint í 6. gr. til að taka megi tillit til framvindu á fjármálamörkuðum, skuli fara fram með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

Þessi tilskipun varðar Evrópska efnahagssvæðið (EES) og málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 99. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið fylgt.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um bankamál.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Við annan undirlið í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/647/EBE bætist eftirfarandi málsliður:

„Hvert það land sem umbreytir erlendum ríkisskuldum sínum er þó útilokað frá „svæði A“ í fimm ár.“

2. gr.

Í stað 4. tölul. í a-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/647/EBE komi eftirfarandi:

„4. eignaliðir sem fela í sér kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna og seðlabanka á „svæði A“ eða Evrópubandalaganna,“.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að 1. gr. tilskipunar þessarar eigi síðar en 30. september 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar

þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina þegar í stað um ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt 2. gr. þessarar tilskipunar.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. maí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/03

nr. 70/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 95/19/EB frá 19. júní 1995 um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 41. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2183/78) í XIII. viðauka við samninginn:

„41a. **395 L 0019:** Tilskipun ráðsins 95/19/EB frá 19. júní 1995 um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds (Stjtíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 75).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 95/19/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Hefur enn ekki verið birt.

(²) Stjtíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 75.

TILSKIPUN RÁÐSINS 95/19/EB

frá 19. júní 1995

um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds(*)**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægur þáttur í starfsemi innri markaðarins er aukin samþætting í flutningastarfsemi innan bandalagsins og járnbrautir eru mikilvægur liður í flutningastarfsemi bandalagsins.

Meginreglan um frjálsa þjónustustarfsemi ætti að gilda um starfsemi járnbrauta, að teknu tilliti til séreinkenna þessarar starfsemi.

Í tilskipun ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta innan bandalagsins(4) er járnbrautarfyrirtækjum og samtökum járnbrautarfyrirtækja milli landa tryggður ákveðinn réttur til aðgangs að alþjóðlegum járnbrautarflutningum.

Mikilvægt er að tryggja að járnbrautarfyrirtæki og millilanda-samtök þeirra fái notið til fulls ávinningsins sem hinn nýi aðgangsréttur hefur í för með sér þegar þau veita þá þjónustu sem um getur í 10. gr. tilskipunar 91/440/EB. Því ber að setja á laggirnar kerfi til úthlutunar aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds á jafnræðisgrundvelli og sem er samræmt hvarvetna innan bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 75, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 24, 28. 1. 1994, bls. 2 og Stjtið. EB nr. C 225, 13. 8. 1994, bls. 11.

(2) Álit var skilað 14. september 1994 (Stjtið. EB nr. C 393, 31. 12. 1994, bls. 56).

(3) Álit Evrópuþingsins frá 3. maí 1994 (Stjtið. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 38), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. C 354 frá 13. 12. 1994, bls. 19) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. mars 1995 (Stjtið. EB nr. 89, 10. 4. 1995, bls. 31).

(4) Stjtið. EB nr. L 237, 24. 8. 1991, bls. 25.

Rétt er að viðhalda gildissviði tilskipunar 91/440/EBE, þar með talið undanþágunum sem mælt er fyrir um í henni fyrir þjónustu í borgum, útborgum eða héraði jafnframt því sem kveða ber á um að flutningastarfsemi í formi ferða fram og til baka í gegnum Ermarsundsgöngin sé einnig undanþegin frá gildissviði þeirrar tilskipunar.

Með hliðsjón af dreifræðisreglunni er viðeigandi að bandalagið mæli fyrir um almennar meginreglur um slíkt kerfi en aðildarríkjum sé falið að setja nákvæmar reglur sem lúta að framkvæmdinni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki sé sveigjanleg til að tryggja hagkvæma og góða nýtingu.

Þó er nauðsynlegt að veita tiltekin forgangsrétt vegna úthlutunar aðstöðu við járnbrautarmannvirki, einkum að því er varðar opinbera þjónustu og þjónustu sem veitt er í sérstökum járnbrautarmannvirkjum.

Einnig er nauðsynlegt að kveða á um að mögulegt sé að veita sérstök réttindi við úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki ef slík réttindi eru mikilvæg til að tryggja fullnægjandi flutningaþjónustu eða til að fjármagna gerð nýrra járnbrautarmannvirkja.

Fjárhagsleg staða mannvirkjastjórnar ætti að vera nægilega góð til að unnt sé að mæta nauðsynlegum útgjöldum vegna nýrra mannvirkja.

Enn fremur er nauðsynlegt að setja jafnræðisreglur varðandi innheimtu mannvirkjagjalds á sama markaði.

Ef nýta á aðstöðu við mannvirki með fullnægjandi hætti er nauðsynlegt að ákveða gjöld í samræmi við sameiginlegar almennar viðmiðanir.

Út frá almennum óskum um gagnsæi og jafnræði ber að samþykkja sameiginlegar reglur um málsmeðferð við úthlutun aðstöðu við mannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds.

Til að fá aðgang að tilteknum mannvirkjum skulu járnbrautarfyrirtæki, í þágu umferðaröryggis, vera handhafar öryggisskírteinis sem byggist á sameiginlegum almennum viðmiðunum og innanlandsákvæðum og er það gefið út af aðilanum sem mannvirkid heyrir undir. Þau skulu einnig gera nauðsynlega samninga við mannvirkjastjórn um tæknilega, stjórnunarlega og fjárhagslega þætti.

Nauðsynlegt er að tryggja að unnt sé að áfrýja til óháðs aðila ákvörðunum sem teknar eru af yfirvöldum og aðilum sem hafa umboð til að úthluta aðstöðu við mannvirki og innheimta mannvirkjagjald. Sá kostur að geta áfrýjað ákvörðunum er einkum nauðsynlegur til að leysa hagsmunadeilur sem kunna að rísa þegar mannvirkjastjórn rekur flutningaþjónustu og ber samtímis ábyrgð á að úthluta lestarleiðum og/eða innheimta mannvirkjagjald.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

Markmið og gildissvið

1. gr.

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að skilgreina meginreglur og málsmeðferð sem beita á við úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds fyrir járnbrautarfyrirtæki sem hafa verið eða verða stofnuð í bandalaginu og millilandasamtök þeirra, þegar slík fyrirtæki eða samtök veita þá þjónustu sem um getur í 10. gr. tilskipunar 91/440/EBE, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri grein.

2. Ef starfsemi járnbrautarfyrirtækja takmarkast við þjónustu í borgum, útborgum eða héraði er hún undanskilin frá gildissviði þessarar tilskipunar.

Ef starfsemi járnbrautarfyrirtækja og samtaka milli landa takmarkast við flutning á ökutækjum fram og til baka í gegnum Ermarsundsgöngin er hún einnig undanskilin frá gildissviði þessarar tilskipunar.

3. Aðstaða við járnbrautarmannvirki skal veitt í formi lestarleiða í samræmi við lög bandalagsins og landslög.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „járnbrautarfyrirtæki“: einkarekið eða opinbert fyrirtæki sem hefur aðalstarfsemi sína á sviði járnbrautarflutninga á vörum og/eða farþegum og er skuldbundið til að leggja til dráttaraflíð;
- b) „samtök milli landa“: samtök að minnsta kosti tveggja járnbrautarfyrirtækja með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum sem annast flutningaþjónustu milli aðildarríkja;

- c) „mannvirkjastjórn“: opinber stofnun eða fyrirtæki sem sér einkum um að koma upp og viðhalda járnbrautarmannvirkjum og annast einnig eftirlit og öryggiskerfi;
- d) „lestarleið“: mannvirkjaaðstaða sem þarf að vera fyrir hendi svo lest geti ferðast milli tveggja staða á tilteknum tíma;
- e) „úthlutun“: úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki af hálfu úthlutunaraðila;
- (f) „úthlutunaraðili“: yfirvald og/eða mannvirkjastjórn sem aðildarríkin tilnefna til að úthluta aðstöðu við mannvirki.

II. ÞÁTTUR

Úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki

3. gr.

Hverju aðildarríki ber að tilnefna úthlutunaraðila í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Úthlutunaraðili, sem á að þekkja allar lestarleiðir sem völ er á, skal einkum tryggja að:

- aðstöðu við járnbrautarmannvirki sé úthlutað með sanngjörnum hætti og á jafnræðisgrundvelli og að,
- málsmeðferðin við úthlutun geri kleift að nýta mannvirkin með sem hagkvæmstum hætti samkvæmt 4. og 5. gr.

4. gr.

- 1. Aðildarríkin mega gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtalin járnbrautarþjónusta hafi forgang við úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki:
 - a) þjónusta sem veitt er í þágu almennings, svo sem skilgreint er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69 frá 26. júní 1969 um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾;
 - b) þjónusta sem er að öllu leyti eða að hluta starfrækt við mannvirki sem eru byggð eða aðlöguð að sérhæfðri þjónustu (sérhæfðar háhraðalínur eða flutningalínur), með fyrirvara um 85., 86. og 90. gr. sáttmálans.

Þetta ákvæði gildir án mismununar um alla þjónustu sem fellur undir ákvæði 1. gr., enda sé hún sambærileg hvað eiginleika og framkvæmd varðar.

- 2. Með tilliti til þjónustunnar sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. mega aðildarríkin bæta mannvirkjastjórn upp allt fjárhagslegt tjón sem hún verður fyrir vegna þeirrar skyldu að úthluta tilteknum mannvirkjum í þágu opinberrar þjónustu.

⁽¹⁾ Stjótt. EB nr. L 156, 28. 6. 1969, bls. 1. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1893/91 (Stjótt. EB nr. L 169, 29. 6. 1991, bls. 1).

5. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt, enda felist ekki í því mismunum, að veita sérstök réttindi við úthlutun aðgangs að mannvirkjum til handa járnbrautarfyrirtækjum sem starfrækja tiltekna þjónustu, eða veita hana á tilteknum svæðum, ef slík réttindi eru nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að tryggja fullnægjandi opinbera þjónustu eða greiðan aðgang að mannvirkjum eða til að greiða fyrir fjármögnun nýrra mannvirkja, samanber þó 85., 86. og 90. gr. sáttmálans.

III. ÞÁTTUR**Innheimta mannvirkjagjalds****6. gr.**

1. Reikningar mannvirkjastjórnar ættu við eðlileg viðskiptaskilyrði á hæfilega löngu tímabili að stemma annars vegar hvað varðar tekjur af mannvirkjagjöldum og framlag ríkisins og hins vegar hvað varðar útgjöld við mannvirki.
2. Mannvirkjastjórn má fjármagna endurbætur á mannvirkjum, þar með talið leggja fram eða endurnýja fjármagn og tryggja hagnað af fjárfestingum.

7. gr.

Ekki má mismuna aðilum við innheimtu gjalda fyrir þjónustu sem er sambærileg og innt af hendi á sama markaði.

Að höfðu samráði við mannvirkjastjórn skulu aðildarríkin setja reglur til að ákvarða mannvirkjagjald. Þessar reglur gera mannvirkjastjórn kleift að markaðssetja tiltæka aðstöðu við mannvirki með hagkvæmum hætti.

8. gr.

1. Gjöldin sem mannvirkjastjórn innheimtir skulu ákveðin í samræmi við eðli þjónustunnar, hve lengi hún varir, markaðsaðstæður og tegund og umfang slits á mannvirkjum.
2. Að því er varðar málsmedferð við greiðslu gjalda mega aðildarríkin kveða á um að unnt sé að gera allsherjarsamning við mannvirkjastjórn að því er varðar opinbera þjónustu í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1191/69.

9. gr.

1. Gjöldin skulu greidd til mannvirkjastjórnar eða -stjórna.
2. Aðildarríkin mega krefjast þess að mannvirkjastjórn leggi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um gjöldin til að þau geti gengið úr skugga um að þau séu innheimt á jafnræðisgrundvelli.
3. Mannvirkjastjórn skal með góðum fyrirvara tilkynna járnbrautarfyrirtækjum, sem hafa not af mannvirkjum hennar til að veita þjónustuna sem um getur í 10. gr. tilskipunar 91/440/EBE, um allar stórvægilegar breytingar sem verða á gæðum eða aðstöðu við mannvirki sem í hlut á.

IV. ÞÁTTUR**Almenn ákvæði****10. gr.**

1. Aðildarríkin skulu setja starfsreglur um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki sem um getur í 3. mgr. 1. gr. Þau skulu birta starfsreglur sínar og tilkynna framkvæmdastjórnina um það.
2. Umsókn um aðstöðu við mannvirki skal lögð fram hjá úthlutunaraðila aðildarríkis á því yfirráðasvæði þar sem brottfararstaður þjónustunnar er.
3. Úthlutunaraðili sem fengið hefur umsókn í hendur skal þegar tilkynna það öðrum úthlutunaraðilum sem málið varðar. Þeir síðarnefndu skulu taka afstöðu til hennar eins skjótt og auðið er en ekki síðar en einum mánuði eftir að tilskildar upplýsingar hafa verið lagðar fram. Úthlutunaraðilar hafa rétt til að synja umsókn. Þeir skulu þegar tilkynna slíkt til úthlutunaraðilans sem umsókn hefur verið lögð fram hjá.

Úthlutunaraðili sem umsókn hefur verið lögð fram hjá skal, ásamt öðrum úthlutunaraðilum sem málið varðar, taka afstöðu til umsóknarinnar eins fljótt og auðið er en ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að tilskildar upplýsingar hafa verið lagðar fram.

Umsókn sem hefur verið synjað vegna ónógrar aðstöðu skal tekin til endurskoðunar þegar breytingar verða næst gerðar á tímaáætlun á þeim leiðum sem um ræðir ef umsækjandi óskar eftir því. Dagsetningar slíkra breytinga og annarra sjónvaldsráðstafana skulu vera aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila.

Tilkynna skal um ákvörðunina til fyrirtækisins sem lagði inn umsókn. Ef umsókn er synjað skal færa rök fyrir því.

4. Fyrirtæki sem leggur fram umsókn má setja sig í beint samband við aðra úthlutunaraðila sem koma að umsókn hans, að því tilskildu að úthlutunaraðilanum sem umsókn hefur verið lögð fram hjá sé tilkynnt um það.
 5. Járnbrautarfyrirtæki sem fá úthlutað aðstöðu við járnbrautarmannvirki skulu ganga frá nauðsynlegum samningum við mannvirkjastjórnir um þætti sem varða stjórnsýslu, tækni og fjármál.
- 11. gr.**
1. Aðildarríkin skulu enn fremur kveða á um að leggja skuli fram öryggisskírteini þar sem mælt er fyrir um öryggiskröfur járnbrautarfyrirtækis til að tryggja örugga þjónustu á þeim leiðum sem um ræðir.
 2. Til að fá öryggisskírteini í hendur verður járnbrautarfyrirtæki að hlíta reglum innlendra laga, sem eru

samrýmanlegar lögum bandalagsins og beitt án mismununar, þar sem mælt er fyrir um sérstakar kröfur sem lúta að tækni og rekstri járnbrautarfyrirtækja og öryggiskröfur sem gilda um starfslið, járnbrautarfarartæki og innri stjórn fyrirtækisins.

Skírteinið skal einkum færa sönnur á að starfslið sem fyrirtækið hefur ráðið til að starfrækja og vera í förum með lestunum, þar sem þjónustan sem um getur í 10. gr. tilskipunar 91/440/EEB er veitt, hafi hlotið nauðsynlega þjálfun til að fara eftir umferðarreglunum sem mannvirkjastjórn beitir til að uppfylla öryggiskröfurnar sem þeim er gert að hlíta með tilliti til umferðar lesta.

Járnbrautarfyrirtækið skal einnig færa sönnur á að járnbrautarfarartæki sem myndar tilteknar lestir hafi verið samþykkt af opinberum yfirvöldum eða af mannvirkjastjórn og athugaður í samræmi við þær starfsreglur sem gilda um mannvirkin sem eru notuð. Öryggisskírteinið skal gefið út af því yfirvaldi sem aðildarríki hefur falið slíkt og þar sem mannvirkið er staðsett.

12. gr.

Aðildarríkin mega kveða á um að með umsókn um aðgang að aðstöðu við mannvirki sé lagt fram tryggingarfé eða sambærileg trygging.

Ef umsækjandi notfærir sér ekki úthlutaða lestarleið má draga fjárhæð frá framlögðu tryggingarfé sem er jafnhá þeim kostnaði sem fellur til vegna afgreiðslu umsóknar og tekjutaps sem síðar kann að verða vegna þess að viðkomandi aðstaða við mannvirki er ekki nýtt. Að öðrum kosti skal skila öllu tryggingarfé eða öðrum tryggingum.

V. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að áfrýja ákvörðunum um úthlutun

aðstöðu við mannvirki eða innheimtu gjalda til óháðs aðila óski járnbrautarfyrirtæki skriflega eftir því. Þessi aðili skal taka ákvörðun í málinu innan tveggja mánaða frá því að allar upplýsingar sem máli skipta eru lagðar fram.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við 1. mgr. haldi fyrir dómstólum.

14. gr.

1. Tveimur árum eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar og, ef nauðsyn krefur, tillögur um áframhaldandi aðgerðir af hálfu bandalagsins um þróun járnbrautanna, einkum að því er varðar möguleikann á að rýmka gildissvið tilskipunarinnar.
2. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá gildistökudegi hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 19. júní 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

B. PONS

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/04

nr. 71/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 95/18/EB frá 19. júní 1995 um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi fyrir sögn og liður komi aftan við 42. lið (ákvörðun ráðsins nr. 82/529/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„iii) Aðgangur að markaðinum

42a. **395 L 0018:** Tilskipun ráðsins 95/18/EB frá 19. júní 1995 um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 70).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 95/18/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Hefur enn ekki verið birt.

(²) Stjtíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 70.

TILSKIPUN RÁÐSINS 95/18/EB**frá 19. júní 1995****um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja(*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Meginreglan um frjálsa þjónustustarfsemi ætti að gilda um starfsemi járnbrauta, að teknu tilliti til séreinkenna þessarar starfsemi.

Í tilskipun ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta innan bandalagsins⁽⁴⁾ er járnbrautarfyrirtækjum og samtökum járnbrautarfyrirtækja milli landa tryggður ákveðinn réttur til aðgangs að alþjóðlegum járnbrautarflutningum.

Til að tryggja sé að rétturinn til aðgangs að járnbrautarmannvirkjum sé virtur hvarvetna í bandalaginu með samræmdum hætti og á jafnréttisgrundvelli þarf að taka upp leyfi til handa járnbrautarfyrirtækjum sem veita þjónustuna sem um getur í 10. gr. tilskipunar 91/440/EBE.

Rétt er að viðhalda gildissviði tilskipunar 91/440/EBE, þar með talið undanþágunum sem mælt er fyrir um í henni fyrir þjónustu

í borgum, útborgum eða héraði jafnframt því sem kveða ber á um að flutningastarfsemi í formi ferða fram og til baka í gegnum Ermarsundsgöngin sé einnig undanþegin frá gildissviði þeirrar tilskipunar.

Af þessum sökum skal leyfi sem aðildarríki veitir vera tekið gilt hvarvetna bandalaginu.

Í öðrum ákvæðum laga bandalagsins verður mælt fyrir um skilyrði bandalagsins fyrir aðgangi að eða flutningum um járnbrautarmannvirki.

Með hliðsjón af dreifræðisreglunni og til að tryggja nauðsynlegt samræmi og gagnsæi er viðeigandi að bandalagið mæli fyrir um almennar reglur um slíkt leyfiskerfi en aðildarríkin beri ábyrgð á veitingu leyfanna og umsjón með þeim.

Til að tryggja áreiðanlega og fullnægjandi þjónustu er nauðsynlegt að tryggja að járnbrautarfyrirtæki uppfylli ætíð tiltekin skilyrði að því er varðar góðan orðstír, góða fjárhagsstöðu og starfshæfni.

Til verndar viðskiptavinum og þriðju aðilum sem málið varðar er mikilvægt að tryggja að járnbrautarfyrirtæki séu nægilega vel tryggð eða hafa gert sambærilegar ráðstafanir vegna skaðabótaábyrgðar.

Málefni er varða tímabundna sviftingu eða afturköllun leyfa og veitingu tímabundinna leyfa skulu einnig tekin fyrir í þessu samhengi.

Einnig verður þess krafist af járnbrautarfyrirtæki að það hlíti innanlands- og bandalagsreglum um járnbrautarrekstur enda sé þeim beitt á jafnréttisgrundvelli og ætlað að tryggja að það geti sinnt starfsemi sinni af fyllsta öryggi á tilteknum leiðum.

Til að tryggja skilvirka járnbrautarflutninga milli landa er nauðsynlegt að járnbrautarfyrirtæki virði þær samþykktir sem eru í gildi á þessu sviði.

Málsmeðferðin við veitingu, viðhald og breytingar á rekstrarleyfum til járnbrautarfyrirtækja ætti að vera gagnsæ og án mismununar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj.úf. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 70, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stj.úf. EB nr. C 24, 28. 1. 1994, bls. 2 og Stj.úf. EB nr. C 225, 13. 8. 1994, bls. 9.

⁽²⁾ Álit var skilað 14. september 1994 (Stj.úf. EB nr. C 393, 31. 12. 1994, bls. 56).

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. maí 1994 (Stj.úf. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 38), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. nóvember 1994 (Stj.úf. EB nr. C 354 frá 13. 12. 1994, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. mars 1995 (Stj.úf. EB nr. 89, 10. 4. 1995, bls. 30).

⁽⁴⁾ Stj.úf. EB nr. L 237, 24. 8. 1991, bls. 25.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

Markmið og gildissvið

1. gr.

1. Þessi tilskipun fjallar um viðmiðanir þær sem eru í gildi um útgáfu, endurnýjun eða breytingar á leyfum aðildarríkjanna til handa járnbrautarfyrirtækjum sem hafa verið eða verða stofnuð í aðildarríkjunum þegar þau veita þá þjónustu sem um getur í 10. gr. tilskipunar 91/440/EBE með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri grein.

2. Ef starfsemi járnbrautarfyrirtækja takmarkast við þjónustu í borgum, útborgum eða héraði er hún undanskilin frá gildissviði þessarar tilskipunar.

Ef starfsemi járnbrautarfyrirtækja og samtaka milli landa takmarkast við flutning á ökutækjum fram og til baka í gegnum Ermarsundsgöngin er hún einnig undanskilin frá gildissviði þessarar tilskipunar.

3. Leyfi gildir hvarvetna á yfirráðasvæði bandalagsins.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „járnbrautarfyrirtæki“: einkarekið eða opinbert fyrirtæki sem hefur aðalstarfsemi sína á sviði járnbrautarflutninga á vörum og/eða farþegum og er skuldbundið til að leggja til dráttaraflíð;

b) „leyfi“: heimild útgefin af aðildarríki til handa fyrirtæki þar sem staða þess sem járnbrautarfyrirtæki er viðurkennd. Takmarka má þessa stöðu við veitingu sérhæfðrar tegundar þjónustu;

c) „leyfisyrirvald“: aðili sem aðildarríki veitir umboð til að gefa út leyfi;

d) „flutningar í borgum og útborgum“: flutningar sem eru starfræktir til að mæta þörfum borga eða borgarhluta og/eða flutningaþörfinni milli þessara borga eða borgarhluta og nærliggjandi svæða;

e) „innanhéraðsflutningar“: flutningar sem eru starfræktir til að mæta flutningaþörf í tilteknu héraði.

3. gr.

Hvert aðildarríki skal útnefna þann aðila sem ber ábyrgð á að gefa út leyfi og að gegna þeim skyldum sem kveðið er á um í þessi tilskipun.

II. ÞÁTTUR

Leyfi

4. gr.

1. Járnbrautarfyrirtæki skal eiga rétt á að sækja um leyfi í því aðildarríki sem það hefur staðfestu.

2. Aðildarríkin mega hvorki gefa út leyfi né framlengja gildistíma þeirra ef kröfum þessarar tilskipunar er ekki fullnægt.

3. Járnbrautarfyrirtæki sem uppfyllir skilyrðin sem þessi tilskipun setur á rétt á að fá leyfi.

4. Ekkert járnbrautarfyrirtæki skal hafa heimild til að veita flutningaþjónustu sem fellur undir þessa tilskipun nema því aðeins að því hafi verið veitt viðeigandi leyfi til að veita þjónustuna.

Leyfið eitt sér gefur þó ekki handhafa þess aðgang að járnbrautarmannvirkjunum.

5. gr.

1. Járnbrautarfyrirtæki verður að geta sýnt fram á það við leyfisyrirvald hlutaðeigandi aðildarríkisins, áður en starfsemi þess hefst, að það geti hverju sinni uppfyllt skilyrðin um góðan orðstír, góða fjárhagsstöðu og starfshæfni og sé tryggt fyrir hugsanlegri skaðabótaábyrgð samkvæmt 6. til 9. gr.

2. Að því er varðar kröfurnar í 1. mgr. skal sérhver umsækjandi veita allar þær upplýsingar sem að gagni kunna að koma.

6. gr.

Aðildarríkin skulu skilgreina þau skilyrði sem gerð eru um góðan orðstír til að tryggja að járnbrautarfyrirtæki sem sækir um leyfi eða einstaklingar sem stjórna því:

- hafi ekki hlotið dóm fyrir alvarlegan refsiverðan verknað, þar með talið brot viðskiptalegs eðlis,

- hafi ekki verið lýstir gjaldþrota,

- hafi ekki hlotið dóm fyrir alvarlegan refsiverðan verknað sem brýtur í bága við sérstaka löggjöf um samgöngur,

- hafi ekki hlotið dóm fyrir alvarleg eða ítrekuð brot á lögum um félagsleg réttindi eða vinnulöggjöf, þar með talið brot gegn skuldbindingum samkvæmt vinnuverndar- og heilbrigðislöggjöf.

7. gr.

1. Kröfurnar um fjárhagsstöðu teljast uppfylltar ef járnbrautarfyrirtæki sem leggur fram umsókn getur sýnt

fram á að það geti staðið við raunverulegar og mögulegar skuldbindingar, sem stofnað er til með raunhæfum hætti, á tólf mánaða tímabili.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal hver umsækjandi að minnsta kosti veita þær upplýsingar sem taldar eru upp í I. þætti í viðaukanum.

8. gr.

1. Kröfurnar um starfshæfni teljast uppfylltar ef:
 - a) járnbrautarfyrirtæki sem leggur inn umsókn hefur eða mun hafa yfir að ráða yfirstjórn þar sem nauðsynleg þekking og/eða reynsla er fyrir hendi til að tryggja öruggt eftirlit og umsjón með þeirri tegund starfsemi sem tilgreind er í leyfinu;
 - b) starfslíðið sem hefur með höndum öryggismál, einkum lestarstjórar, hafi menntun og hæfi til að inna sín störf af hendi; og
 - c) starfslíð, járnbrautarfarartæki og yfirstjórn geti tryggt hámarksöryggi við þá þjónustu sem veita skal.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal hver umsækjandi veita þær upplýsingar sem taldar eru upp í II. þætti í viðaukanum.
3. Leggja skal fram viðeigandi skriflegar sönnur þess efnis að kröfur um menntun og hæfi séu uppfylltar.

9. gr.

Járnbrautarfyrirtæki skal vera nægilega vel tryggt eða gera sambærilegar ráðstafanir um tryggingu, í samræmi við landslög og alþjóðalög, gegn skaðabótum ef slys ber að höndum, einkum að því er varðar farþega, farangur, farm, pósti og þriðju aðila.

III. ÞÁTTUR

Gildistími leyfisins

10. gr.

1. Leyfi skal gilda svo lengi sem járnbrautarfyrirtæki uppfyllir skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þó má leyfisfirvald kveða á um reglulega endurskoðun þess á að minnsta kosti fimm ára fresti.
2. Kveða má sérstaklega á um tímabundna svifingu eða afturköllun í leyfinu.

11. gr.

1. Leiki verulegur vafi á því að járnbrautarfyrirtæki sem leyfisfirvald hefur veitt leyfi hlfti þeim kröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, einkum 5. gr., má leyfisfirvaldið hvenær sem er kanna hvort þetta tiltekna járnbrautarfyrirtæki fari í raun að þessum kröfum.

Komist leyfisfirvald að raun um að járnbrautarfyrirtæki geti ekki lengur uppfyllt kröfur þessarar tilskipunar, einkum 5. gr., skal það svifta fyrirtækið leyfinu tímabundið eða afturkalla það.

2. Komist leyfisfirvald aðildarríkis að raun um að verulegur misbrestur sé á að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun af hálfu járnbrautarfyrirtækis sem leyfisfirvald annars aðildarríkis hefur veitt leyfi skal það upplýsa síðarnefnda yfirvaldið um það án tafar.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. má leyfisfirvald, ef um er að ræða tímabundna svifingu eða afturköllun leyfis vegna þess að ekki er farið að kröfum um góða fjárhagsstöðu, veita tímabundið leyfi þar til starfsemi járnbrautarfyrirtækisins hefur verið endurskipulögð, að því tilskildu að öryggismál séu ekki fyrir borð borin. Tímabundið leyfi má þó ekki gilda lengur en í sex mánuði frá útgáfudegi.
4. Leggi járnbrautarfyrirtæki niður starfsemi í sex mánuði eða hafi það ekki hafið starfsemi sex mánuðum eftir að því var veitt leyfi getur leyfisfirvald ákveðið að taka leyfið til endurskoðunar eða svifta fyrirtækið leyfinu.

Ef um það er að ræða að hefja starfsemi getur járnbrautarfyrirtæki farið fram á að fresturinn verði lengdur, að teknu tilliti til sérstaks eðlis þeirrar þjónustu sem bjóða á upp á.

5. Verði breytingar sem hafa áhrif á lagalega stöðu fyrirtækis, einkum ef um samruna eða yfirtöku er að ræða, getur leyfisfirvald ákveðið að leyfi skuli lagt inn aftur til endurskoðunar. Járnbrautarfyrirtækið sem á í hlut má halda starfseminni áfram nema því aðeins að leyfisfirvald komist að því að öryggismál séu fyrir borð borin; í því tilviki skal færa rök fyrir slíkri ákvörðun.
6. Hyggist járnbrautarfyrirtæki breyta eða færa út starfsemi sína verulega skal leyfi þess lagt fyrir leyfisfirvöld til endurskoðunar.
7. Leyfisfirvald skal ekki heimila járnbrautarfyrirtæki sem á yfir höfði sér gjaldþrotaskipti eða álfka meðferð að halda leyfi sínu hafi yfirvaldið fullvissu um að ekki séu raunhæfar líkur á því að unnt sé að koma á fjárhagslegri endurskipulagningu innan raunhæfra tímamarka.
8. Ef leyfisfirvald sviftir tímabundið, afturkallar eða breytir leyfi skal aðildarríkið sem í hlut á þegar tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það aðildarríkjunum þegar í stað.

12. gr.

Auk þeirra krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skal járnbrautarfyrirtæki einnig uppfylla skilyrði þeirra ákvæða landslaga sem eru samrýmanleg við lög bandalagsins og beitt er án mismununar, einkum:

- sérstakar tæknilegar og rekstrarlegar kröfur um járnbrautarþjónustu,
- öryggiskröfur sem gilda um starfslíð, járnbrautarfarartæki og innra skipulag fyrirtækisins,
- ákvæði um heilbrigði, öryggi, félagslegar aðstæður og réttindi starfsmanna og neytenda.

13. gr.

Járnbrautarfyrirtæki skulu virða þá samninga sem gilda um alþjóðlega flutninga með járnbrautum og eru í gildi í aðildarríkjunum þar sem þau starfa.

IV. ÞÁTTUR

Bráðabirgðaákvæði

14. gr.

Járnbrautarfyrirtækjum sem starfrækja járnbrautarþjónustu skal veitt aðlögunartímabil sem nemur tólf mánuðum frá þeim degi sem frestur til að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar rennur út samkvæmt 2. mgr. 16. gr. Aðlögunartímabilið skal ekki taka til ákvæða sem gætu haft áhrif á öryggi járnbrautarstarfsemi.

V. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

15. gr.

1. Aðildarríkið sem í hlut á skal birta reglur um leyfisveitinguna og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
2. Leyfisfirvald skal taka ákvörðun um umsókn eins fljótt og auðið er og ekki síðar en þremur mánuðum eftir að allar

viðeigandi upplýsingar, einkum atriðin sem um getur í viðaukanum, hafa verið lagðar fram, að teknu tilliti til allra fyrirbyggjandi upplýsinga. Járnbrautarfyrirtækinu sem leggur inn umsókn skal tilkynnt um ákvörðunina. Færa skal rök fyrir synjun leyfis.

3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ákvörðun leyfisfirvalds haldi fyrir dómstólum.

16. gr.

1. Tveimur árum eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar og, ef nauðsyn krefur, tillögur um áframhaldandi aðgerðir af hálfu bandalagsins um þróun járnbrautanna, einkum að því er varðar möguleikann á að rýmka gildissvið tilskipunarinnar.
2. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá gildistökudegi hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 19. júní 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

B. PONS

forseti.

VIÐAUKI

I. Upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

1. Fjárhagsstaða verður metin á grundvelli ársreikninga fyrirtækis eða efnahagsreiknings, ef fyrirtæki sem leggja inn umsókn geta ekki lagt fram ársreikninga. Nákvæmar upplýsingar skulu lagðar fram, einkum að því er varðar eftirfarandi:
 - a) fjármuni til ráðstöfunar, þar með talið bankainnstæður, yfirdráttarheimildir með veði og lán;
 - b) fjármuni og eignir til ráðstöfunar sem verðbréf;
 - c) veltufé;
 - d) tengdan kostnað, þar með talið innkaupakostnaður, kostnaður vegna afborgana á ökutækjum, landi, byggingum, mannvirkjum og járnbrautarfarartækjum;
 - e) gjöld á eignir fyrirtækis.
2. Fjárhagsstaða leyfisumsækjanda telst ekki fullnægjandi ef umtalsverðar skatta- eða almannatryggingaskuldir eru í vanskilum vegna starfsemi fyrirtækisins.
3. Yfirvaldið getur einkum krafist þess að lögð verði fram úttektarskýrslu endurskoðanda og viðeigandi skjöl frá banka, sparisjóði eða löggiltum endurskoðanda. Þessi skjöl skulu innihalda upplýsingar varðandi atriðin sem talin eru upp í 1. mgr.

II. Upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

1. Upplýsingar um eðli og viðhald járnbrautarfarartækja, einkum að því er varðar öryggisstaðla.
2. Upplýsingar um menntun og hæfi starfslíðs sem ber ábyrgð á öryggismálum og starfsþjálfun starfsfólks.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/05

nr. 72/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 169/01 frá 19. júní 1995 um þróun járnbrautarflutninga og samsettra flutninga⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 82. lið (ályktun ráðsins 94/C 309/05) í XIII. viðauka við samninginn:

„83. **395 Y 0705(01)**: Ályktun ráðsins 95/C 169/01 frá 19. júní 1995 um þróun járnbrautarflutninga og samsettra flutninga (Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 169/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Hefur enn ekki verið birt.

(²) Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 1.

ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 19. júní 1995

um þróun járnbrautarflutninga og samsettra flutninga(*)

(95/C 169/01)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem tekur tillit til eftirfarandi:

Markaðshlutdeild járnbrautarstarfsemi fer minnkandi samtímis því sem þörfin fyrir fólks- og vöruflutninga eykst bæði innan bandalagsins og milli þess og sambandsríkja og þriðju landa, þrátt fyrir að fjárstuðningur aðildarríkjanna við þessa flutninga sé umtalsverður.

Um þessar mundir er unnt að taka nútímalega hátækni í þjónustu járnbrauta. Með tilliti til umhverfisverndar, öryggis og orkusparnaðar eru járnbrautir óneitanlega hagkvæmur kostur. Þær henta einkar vel til fólksflutninga milli borga þegar um miðlungsvegalengdir er að ræða og til vöruflutninga yfir miðlungs- og lengri vegalengdir sem svara til alls yfirráðasvæðis bandalagsins.

ER SAMMÁLA UM að ekki sé rétt að aðskilja stefnu bandalagsins varðandi járnbrautir; að heildarstefnuna beri að skoða út frá því hvernig einstakir flutningsmátar tengjast innbyrðis, að teknu tilliti til heildarkostnaðar hvers um sig um leið og evrópskum flutningum eru tryggð sanngjörn samkeppnisskilyrði.

ER SAMMÁLA UM að fyrrnefnd sameiginleg stefna varðandi járnbrautir sé reist á eftirfarandi fjórum meginstöðum sem saman mynda heild:

- markaðsskipulagi járnbrautarflutninga,
- grunnvirki samevrópska flutningsnetsins,
- rekstrarsamhæfi samevrópska járnbrautarnetsins, einkum fyrir hraðlestir, fyrir tilverknað tækisamhæfingar, samanber þó ótengd járnbrautarnet,
- markaði fyrir iðnvarning vegna greiðari aðgangs að samningum hins opinbera á sviði flutninga.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

ÁLÍTUR NAUÐSYNLEGT að vinna áfram að mótun sameiginlegrar stefnu varðandi járnbrautir, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta innan bandalagsins⁽¹⁾, á grundvelli mats á raunverulegum árangri af framkvæmd stefnunnar og með hliðsjón af skýrslu um beitingu tilskipunarinnar, sem framkvæmdastjórninni ber að leggja fram samkvæmt 14. gr. hennar, og á grundvelli meðfylgjandi tillagna, einkum með tilliti til aðgangs að grunnvirkjunum sem bæta mætti innan, á leið út frá og til ýmissa svæða bandalagsins, að teknu tilliti til landfræðilegrar legu aðildarríkjanna.

LÆTUR VILJA SINN Í LJÓS, um leið og virða ber meginregluna um valfrelsi fyrir notendur, til þess að:

- gera járnbrautarflutninga og samsetta flutninga skilvirka og samkeppnishæfa við aðrar greinar flutninga og þar af leiðandi að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir sem eru forsenda þess að rekstraraðilar geti sýnt röggsemi með nýjum og ferskum hætti,
- skapa rétt skilyrði til að unnt sé að efla stöðu járnbrautarflutninga og samsettra flutninga innan flutningskerfis bandalagsins,
- tryggja að járnbrautir taki, ásamt þjónustuaðilum á skipgengum vatnaleiðum og í hafskipaútgærð, einkum á skemmri leiðum, eins óflugan þátt og frekast er unnt í þróun samsettra flutninga í samvinnu við samstarfsaðila í landflutningum.

ER SAMMÁLA UM að stuðla að eflingu járnbrauta á þeim afmörkuðu sviðum þar sem þær eiga best við, það er:

- í vöruflutningum á meðallöngum og lengri leiðum,
- í fólksflutningum á helstu þéttbýlissvæðum, landshluta á milli og innan landshluta,
- í fólksflutningum milli borga,
- að því er varðar hraðlestir í förum milli stórborgarsvæða Evrópu.

(1) Stjttö. EB nr. L 237, 24. 8. 1991, bls. 25.

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin að þau:

- stuðli að samvinnu milli ólíkra rekstraraðila í samsettu flutningum með það í huga að ákvarða síðareglur fyrir alla þátttakendur, greiða fyrir rannsóknunum, stöðlun og nýjungum og gera skoðanaskipti möguleg áður en hafist er handa við að undirbúa nauðsynlegar fjárfestingar í aðildarríkjunum.

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina að þau:

- innan marka rekstrarsamhæfi samevrópska járnbrautarnetsins, og með því innleiða tæknisamhæfingu í áföngum, stuðli einkum að því að skapa skilyrði fyrir því að unnt sé að flýta fyrir tilraunum með evrópska eftirlits- og stýrikerfið.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún kanni, einkum í tengslum við skýrsluna sem kveðið er á um í 14. gr. tilskipunar 91/440/EBE, og leggi fram tillögur, ef við á, um:

- beitingu sameiginlegra meginreglna um gjaldtöku fyrir notkun á grunnvirkjum (mannvirkjum) járnbrauta sem settar

eru fram í tilskipun 91/440/EBE og í sömu tilskipun, sem er verið að samþykkja, um úthlutun aðstöðu í tengslum við járnbrautargrunnvirki og gjaldtöku fyrir hana, til að skýra valkosti rekstraraðila og komast hjá hugsanlegri röskun á samkeppni,

- þróun, einkum með tilliti til samkeppnisákvæða sáttmálans og reglna um aðgang að netinu sem mælt er fyrir um í fyrrnefndum tilskipunum, samninga sem eru gerðir fyrirfram við rekstraraðila og er ætlað að auðvelda fjármögnun lykiltenginga í samevrópska járnbrautarnetinu, en þar er um miklar fjárfestingar að ræða,
- stofnun samtaka milli landa, sem kveðið er á um í tilskipun 91/440/EBE, í því skyni að stuðla að samþættingu samevrópska járnbrautarnetsins í samræmi við samkeppnisákvæði sáttmálans og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjótd. EB nr. L 175, 23. 7. 1968, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1979.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/06

nr. 73/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 169/02 frá 19. júní 1995 um tilflutning á sviði flugrekstrar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 83. lið (ályktun ráðsins 95/C 169/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„84. **395 Y 0705(03)**: Ályktun ráðsins 95/C 169/02 frá 19. júní 1995 um tilflutning á sviði flugrekstrar (Stjtíð. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 3).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 169/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 3.

ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 19. júní 1995

um tilflutning á sviði flugrekstrar(*)

(95/C 169/02)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem tekur tillit til eftirfarandi:

Ráðið hefur þegar lagt áherslu á nauðsyn þess að flugrekstur nái að skila hagnaði og framleiðni í nægilega ríkum mæli til þess að vera lífvænlegur í efnahagslegu tilliti og samkeppnishæfur á heimsmarkaði.

Í ályktun sinni frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningssflugum (1) áleit ráðið að rannsaka bæri áhættu samfara því að nota hentifána og önnur föng en bandalagsins.

Öllum aðildarríkjunum ber að beita ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum (2), sem varða leigu, á einsleitán hátt.

Hugsanleg notkun annarra fanga en bandalagsins styður enn frekar nauðsyn þess að semja heildarsafn almennra tæknistaðla til þess að viðhalda öryggi í almenningssflugum.

Bandalaginu ber við mótnun félagsmálastefnu sinnar að taka mið af séreinkennum á sviði flugrekstrar, einkum áhrif tilflutnings starfsemi.

Notkun annarra fanga en bandalagsins gefur þriðju löndum færi á aðgangi að innri markaðinum sem ber að skoða í ljósi samskipta við viðkomandi lönd.

VEITIR ATHYGLI áformum framkvæmdastjórnarinnar að kanna hvaða félagsleg áhrif frelsi á sviði flugrekstrar hefur í för með sér.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún sendi sér niðurstöður könnunarinnar um afleiðingar frelsis í flugrekstri, eins fljótt og auðið er, auk þess sem það fer fram á að tekið sé á vandamálinu um notkun annarra fanga en bandalagsins, eins og um getur í ályktuninni frá 24. október 1994. Í könnuninni, sem er í framhaldi af skýrslu vísdomsmannanefndarinnar (Comité des Sages) og skýrslu ráðgjafarfyrirtækja í einkaeign sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir 1992, ber einkum að rannsaka:

- hve algengur tilflutningur á starfsemi er og raunverulegar og hugsanlegar afleiðingar hans fyrir atvinnu og atvinnuástand á sviði flugrekstrar í bandalaginu,
- starfshætti sem nú tíðkast í fyrirtækjum í flugrekstri í bandalaginu varðandi notkun annarra fanga en bandalagsins,
- innlendar reglugerðir og stjórnsýslureglur sem gilda um notkun annarra fanga en bandalagsins.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún kanni með hvaða hætti ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 varðandi leigu á öðrum föngum en bandalagsins er beitt og semji leiðbeiningar, ef þurfa þykir, sem gerir mögulegt að beita þeim á einsleitán hátt, einkum að því er varðar:

- hugtökin „skammtímaþarfir“, „undantekningartilvik“ og „jafngildir öryggisstaðlar“,
- skilyrði fyrir því að flugfélög í bandalaginu geti notað loftför, sem eru skráð í bandalaginu, þegar skráningarríki hefur fengið þriðja landi í hendur ábyrgð á tæknilegu eftirliti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2.

(2) Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/07

nr. 74/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 169/03 frá 19. júní 1995 um félagslega samhæfingu í farmflutningum á vegum á innri markaðinum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDID EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 84. lið (ályktun ráðsins 95/C 169/02) í XIII. viðauka við samninginn:

„85. **395 Y 0705(04):** Ályktun ráðsins 95/C 169/03 frá 19. júní 1995 um félagslega samhæfingu í farmflutningum á vegum á innri markaðinum (Stjtíð. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 4).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 169/03 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 4.

ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 19. júní 1995

um félagslega samhæfingu í farmflutningum á vegum á innri markaðinum(*)

(95/C 169/03)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af ályktun sinni frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði (1),

og tekur tillit til eftirfarandi:

Horfur á frjálsræði á innri markaðinum og aukin tengsl við lönd Mið- og Austur-Evrópu þýða að tryggja verður enn frekari samhæfingu samkeppnisskilyrða.

Nauðsyn þess að auka umferðaröryggi á vegum og bæta félagsleg skilyrði sem eru forsenda stöðugleika og skilvirkni innan fyrirtækja sem stunda flutninga á vegum.

1. VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að sameiginlega nefndin um flutninga á vegum tekur í störfum sínum tillit til spurninga sem varða vinnutíma og starfsþjálfun á sviði flutninga á vegum.
2. VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að sameiginlega nefndin um flutninga á vegum leggur kapp á að flýta störfum sínum varðandi fyrrnefnd málefni vegna þeirra kannana sem fyrirhugaðar eru á næstu mánuðum:
 - annars vegar á með hvaða hætti gildandi löggjöf í aðildarríkjunum tekur tillit til annars vinnutíma ökumanna langferðaþungaflutningabifreiða en aksturs- og hvíldartíma,
 - hins vegar á gildandi ákvæðum í aðildarríkjunum um grunnþjálfun og framhaldsþjálfun fyrrnefndra ökumanna, hvort sem skylt er að gangast undir hana eða ekki.

3. SKORAR Á framkvæmdastjórnina að vinna áfram með sameiginlegu nefndinni um flutninga á vegum til að tryggja framgang slíkra kannana og að ályktanir sem eru dregnar af þeim geri nefndinni kleift að koma af stað raunverulegum viðræðum milli fulltrúa fagfélaga atvinnurekenda og fulltrúa stéttarsamtaka starfsmanna um þau ákvæði sem samþykkja á, jafnframt því sem fjallað yrði um raunverulegar afleiðingar slíkra ákvæða og eftirlit með framkvæmd þeirra.
4. LÆTUR Í LJÓS ÞÁ ÓSK að sú vinna sem þannig er hafin innan sameiginlegu nefndarinnar um flutninga á vegum leiði eins fljótt og auðið er til raunhæfra og sameiginlegra niðurstaðna.
5. BENDIR Á að það óskaði eftir við framkvæmdastjórnina, í ályktun sinni frá 24. október 1994, að hún ynni skýrslu um gildandi reglugerðir í aðildarríkjunum um þjálfun ökumanna langferðaþungaflutningabifreiða, meðal annars ökumanna ökutækja sem flytja hættuleg efni, og semji, þar sem við á, tillögur um lögboðna grunnþjálfun og framhaldsþjálfun við hæfi.
6. GERIR SÉR GREIN FYRIR að framkvæmdastjórnin hyggst, eftir að hafa farið yfir niðurstöður sameiginlegu nefndarinnar um flutninga á vegum, fylgja eftir eins fljótt og auðið er orðsendingu sinni frá 20. mars 1992 um að taka hugtakið vinnutími upp í reglugerðir (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 um aksturs- og hvíldartíma á sviði flutninga á vegum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/11/08

nr. 75/95
frá 15. desember 1995

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á jarðvegsbæti umhverfismerki bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/924/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á salernispappír umhverfismerki bandalagsins⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/925/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á eldhúsrúllum umhverfismerki bandalagsins⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 2.eb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/10/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2.ec **394 D 0923:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á jarðvegsbæti umhverfismerki bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 21).

2.ed **394 D 0924:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/924/EB 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á salernispappír umhverfismerki bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 24).

2.ee **394 D 0925:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/925/EB frá 14. nóvember 1994 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á eldhúsrúllum umhverfismerki bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 32).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB, 94/924/EB og 94/925/EB, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 74 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 32.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 14. nóvember 1994

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á jarðvegsbæti umhverfismerki bandalagsins(*)

(94/923/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB (1), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að skilyrði fyrir veitingu vistmerkisins skuli ákveðin fyrir hvern framleiðsluflokk um sig.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að meta skuli áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir framleiðsluflokka.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila með samráðsfundum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Vöruflokkurinn „jarðvegsbætur“ er skilgreindur þannig:

Gjört í Brussel 14. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri.

„Efni seld áhugamönnum um garðyrkju sem vöru-merkjavara til jarðvegsblöndunar, einkum í þeim tilgangi að bæta eiginleika jarðvegs og/eða líffræðilegt ástand hans án þess að skaði hljótist af.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins sem er skilgreindur í 1. gr. með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflöknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

4. gr.

Hvað stjórnsýslu varðar er kenninúmer vöruflokksins „003“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/95 frá 15. desember um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI Á JARÐVEGSBÆTI

Vistfræðilegar viðmiðanir

Ef veita á jarðvegsbæti umhverfismerki verður hann að fullnægja öllum viðmiðunum sem greint er frá hér á eftir.

Uppruni vörunnar

Aðeins kemur til greina að veita jarðvegsbæti umhverfismerki ef rekja má lífrænt efnainnihald hans til efnisþátta sem koma frá vinnslu og/eða endurnotkun úrgangsefna (eins og þau eru skilgreind í tilskipun 75/442/EBE um úrgang og í I. viðauka við hana).

Ath.: Með orðinu „lífrænn“ er átt við almennt efni úr lífverum eða efni sem þær mynda. Innihaldi varan eðju frá skolphreinsunarstöð skal eðjan uppfylla ákvæði I. viðauka B við tilskipun 86/278/EBE.

Notagildi

Almenn merking

Eftirfarandi upplýsingar komi fram í merkingum vöruumbúða:

- nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu,
- lýsing vörugerðar, þar sem meðal annars komi fram orðið „jarðvegsbætur“,
- geymsluskilyrði sem mælt er með og dagsetning sem mælt er með að geymsluþol miðist við ásamt kenninúmeri framleiðslulotu,
- lýsing á tilætluðum notum vörunnar og notkunartakmörkunum. Tilgreina ber hvaða plöntuflokkum varan hentar (t.d. kalkfælnum eða kalksæknum),
- helstu uppistöðuefni (þau sem eru yfir 10% miðað við rúmmál) sem varan er framleidd úr, þar sem greinarmunur er gerður á húsasorpi í föstu formi, skolpeðju, garðyrkju- eða skógræktarúrgangi, úrgangi frá iðnaði og verslun þar sem viðkomandi grein er tilgreind (t.d. matvælaframleiðsla, pappírsvinnsla, o.s.frv.),
- notkunarleiðbeiningar og í hvaða mæli er ráðlegt að nota vöruna, tilgreint í kílógrömmum eða lítrum á hvern fermetra lands á ári,
- leiðbeiningar um hvernig á að meðhöndla og nota vöruna á öruggan hátt.

Eiginleikar vörunnar

Afhenda ber allar vörur í föstu formi og þurrrefni skal nema að minnsta kosti fjórðungi þyngdar.

Taka ber fram lágmarkstíðni notkunar þannig að minnst 500 g af lífrænu efni (þurrvigt) notist á hvern fermetra lands (mælt sem glótap).

Vörunar mega ekki koma í veg fyrir að plöntur komi upp eða vaxi síðar í skilgreindu plöntuvaxtarprófi.

Jarðvegsrýrnun og vatnsmengun

Engin vara má innihalda eftirfarandi frumefni í meiri styrkleika en gildin hér á eftir gefa til kynna, mæling miðast við þurrvig:

Frufefni	mg/kg
Zn	300
Cu	75
Ni	50
Cd	1,5
Pb	140
Hg	1
Cr	140
Mo (*)	2
Se (*)	1,5
As (*)	7
F (*)	200

(*) Einungis er þörf á upplýsingum um tilvist þessara frumefna vegna vara sem innihalda efni frá iðnaðarvinnslu, húsasorpi í föstu formi og skolpeðju.

Vörur mega ekki innihalda efnisþætti sem hafa verið meðhöndlaðir með lindani, sýpermetríni eða prómekarbi.

Næringarefnaálag

Hámarksnæringarefnaálag vara skal ekki vera umfram eftirfarandi gildi þegar notkun þeirra er samkvæmt því sem mælt er með:

- 8 g/m² heildarköfnunarefnismagn,
- 6 g/m² P₂O₅,
- 12 g/m² K₂O.

Ath.: Vörur eru undanþegar þessu ákvæði ef minna en 10% (w/w) af næringarefnainnihaldi þeirra eru tiltæk fyrir vöxt plantna á fyrsta notkunarkeiði. Slíkar vörur, til dæmis ýmis efni sem eru notuð til að þekja jarðveg (mulches), eru skilgreindar sem efni með C : N-hlutfall hærra en 30 : 1.

Heilsa og öryggi

Hámarks magn frumsjúkdómsvalda í vörum má ekki fara yfir það sem fram kemur í eftirfarandi töflu:

Ferskt efni	
Salmonella	Fyrirfinnist ekki í 25 g
E. kólí	< 1 000 MPN (*) /g

(*) MPN: Mean Probable Number (væntanlegur fjöldi).

Annmarkar

Engin vara má valda viðvarandi óþef eftir að henni hefur verið blandað í jarðveg.

Engin vara má innihalda glerbrot, víragnir eða aðrar agnir úr málmum eða hörðu plasti sem kunna að skaða heilsu manna.

Engin vara má bera með sér í jarðveg óviðunandi magn af illgresisfræi eða plöntuhluta illgresis sem getur spírað og fjölgað sér kynlaust.

Prófunaraðferðir og greining

Prófunaraðferðir og greining skulu að því er varðar þungmálma vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 86/278/EBE. Ef ekki eru fyrir hendi alþjóðlega viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir eðlis- og örverufræðilega greiningu í tengslum við jarðvegsbæti skulu aðildarríkin mæla fyrir um prófunaraðferð.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 14. nóvember 1994

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á salernispappír umhverfismerki bandalagsins(*)**(94/924/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB (*), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að skilyrði fyrir veitingu vistmerkisins skuli ákveðin fyrir hvern framleiðsluflokk um sig.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að meta skuli áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir framleiðsluflokka.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila með samráðsfundum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Vöruflokkurinn „salernispappír“ er skilgreindur þannig:

„Rúllur eða arkir af pappír ætlaðar til hreinlætisnota á salernum. Pappírinn er að jafnaði gerður úr krepudum eða upphleyptum pappír í einu eða fleiri lögum. Þessi viðmiðun gildir ekki um pappír sem inniheldur styrktarefni til varnar gegn vætu. Skyldar vörur úr mjúkum pappír, svo sem munnþurrkur eða ámóta þurrkur, falla ekki undir vöruflokkinn.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins sem er skilgreindur í 1. gr. með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

4. gr.

Hvað stjórnsýslu varðar er kenninúmer vöruflokksins „004“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/95 frá 15. desember um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(*) Stjttö. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI Á SALERNISPAPPÍR

Umhverfisviðmiðanir

- i) Trefjakenna hráefnið sem er notað til pappírframleiðslunnar skal vera deig úr nýjum trefjum eða deig framleitt úr pappírúrgangi(*), eða blöndur þeirra. Allur nýr viður skal vera frá svæðum með skógvörslu(*).
- ii) Áhrif vörunnar á umhverfi eru metin með hliðsjón af eftirfarandi færíbreytum:
 - a) notkun endurnýjanlegra auðlinda(*);
 - b) notkun óendurnýjanlegra auðlinda(*);
 - c) losun koltvísýrings;
 - d) losun brennisteins/brennisteinsdíoxíðs;
 - e) losun lífrænna efna í vatn (COD);
 - f) losun klóraðra lífrænna efna (í vatn) (AOX);
 - g) losun úrgangs(*)

Útkoma vörunnar gagnvart hverri færíbreytu um sig er táknuð með tölu fyrir álagspunkt, í samræmi við punktakerfið sem fram kemur í töflunni í þessu skjali. Ekki er unnt að veita vörunni umhverfismerkið ef álagspunkturinn sem sýnir útkomu hennar gagnvart færíbreytum c-, d-, e-, f- eða g-liðar hefur hærra gildi en þau sem „þröskuldur“ miðast við í kerfinu sem er sett fram í töflunni í þessu skjali.

(*) Í viðbætinum við þennan viðauka er að finna skilgreiningar á þeim hugtökum sem eru stjörnumerkt.

Í viðbætinum við þennan viðauka eru leiðbeiningar um útreikninga og prófanir á útkomu vöru með tilliti til þessara færíbreytna.

- iii) Til að fá merkið má umsækjandi ekki fara yfir 7,5 samanlagða punkta, reiknað samkvæmt töflunni.
- iv) Umsækjandi má ekki fara upp fyrir þær tölur sem þröskuldur miðast við. Þetta á við um færíbreyturnar fyrir CO₂, SO₂, COD, AOX og úrgang.

Nothæfisviðmiðun

Varan skal vera í nothæfu ástandi.

Viðbætur**ÚTREIKNINGS- OG PRÓFUNARÆFERÐ HVERRAR FÆRIBREYTTU UM SIG****Efnisyfirlit**

1. Skilgreining, útreikningur og prófun á færíbreyttunum	37
1.1. Endurnýjanlegar auðlindir	37
1.2. Óendurnýjanlegar auðlindir	38
1.3. Koltvísýringur, CO ₂	38
1.4. Brennisteinn, S, brennisteinsdíoxíð, SO ₂	39
1.5. Lífræn efni í vatni, COD	39
1.6. Klórúð lífræn efni, AOX	40
1.7. Úrgangur	40
2. Eftirlit og útreikningur	41
2.1. Val á rannsóknarstofu til greiningar	41
2.2. Útreikningur á losunargildum	41
2.3. Tíðni prófana	41
2.4. Skógvarsla	41

1. Skilgreining, útreikningur og prófun á færíbreytunum

Í þessum viðbæti eru færíbreyturnar úr töflunni í viðmiðunarskjalinu skilgreindar og viðeigandi prófunaraðferða er getið.

1.1. Endurnýjanlegar auðlindir

Skilgreining á skógvörslu

Í þessari ákvörðun er skógvarsla skilgreind með þeim hætti sem fram kemur í ályktun H1 „Almennar viðmiðunarreglur um ábyrga skógvörslu í Evrópu“ sem var samþykkt á ráðherrastefnunni um verndun skóga í Evrópu í Helsinki í júní 1993:

Stjórnun og nýting skóga og skóglendis á þann hátt og í þeim mæli að unnt sé að halda við fjölbreytileika lífs, framleiðni, endurnýjun, lífvænleika þeirra og getu til að uppfylla, nú og um ókomna tíð, viðeigandi vistfræðilegt, efnahagslegt og félagslegt hlutverk á hverjum stað, í hverju landi og um veröld alla og að ekki skaði önnur vistkerfi.

Fyrir ríki sem hafa ekki samþykkt Helsinki-ályktunina er skógvarsla skilgreind með þeim hætti sem fram kemur í skjalinu: „Yfirlýsing sem er ekki lagalega bindandi um meginreglur um víðtækt samkomulag um vörslu, varðveislu og sjálfbæra þróun hvers kyns skóga“ - sem var samþykkt á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í júní 1992.

Að loknu þriggja ára tímabili verður þessi ákvörðun endurskoðuð í ljósi þess hvernig mál þróast með tilliti til starfsreglna og stefnumiða sem tengjast skógvörslu og fram koma á alþjóðavettvangi.

Skilgreining á notkun endurnýjanlegra auðlinda

Hráefnið er plöntutrefjar sem eru notaðar við framleiðslu á þurrkum/pappír, hér er einkum um að ræða við, en einnig verður að taka aðrar tegundir með í reikninginn, svo sem bambus, flágras (elephant grass) og aðra hluta fjölærra plantna sem eru ræktaðar í því skyni að afla hráefnis fyrir þurrku-/pappírframleiðslu, þegar þær eru notaðar. Ef plöntutrefjar eru notaðar til orkuframleiðslu í pappírsmyllunni verður einnig að reikna magn þeirra með.

Ekki eru tekin með í útreikninginn efni eins og:

- pappírúrgangur (eins og hann er skilgreindur í lið 1.7.),
- viður sem fellur til við grisjun þegar verið er að auka vaxtarrými nálægra trjáa eða þegar sýkt eða skemmd tré eru fjarlægð,
- viður af trjám sem gefa sig eða brotna í vindi eða undan snjóþyngslum,
- viðarúrgangur, sag og afsagaðir viðarbútar úr sögunarmyllum né heldur börkur,
- landbúnaðarúrgangur (kraminn sykurreyr, hálmur o.s.frv.). Hálmur er ekki landbúnaðarúrgangur þegar hann er ræktaður sem hráefni til pappírframleiðslu.

Útreikningur á endurnýjanlegum auðlindum

Líta ber á færíbreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár. Mæla skal hve mikill viður eða ámóta efni er notað á móti hverju tonni af framleiddri pappírsvöru. Ef pappírsmyllan flytur inn deig til framleiðslu á þurrkum/pappír verður birgirinn að útvega pappírsmyllunni nauðsynleg skjöl.

1.2. Óendurnýjanlegar auðlindir

Skilgreining á notkun óendurnýjanlegra auðlinda

Einungis notkun jarðefnaeldsneytis sem tengist framleiðslustigum lífsferilsins er tekin til greina. Hér er átt við notkun jarðefnaeldsneytis við rafmagnsframleiðslu innan almenna dreifikerfisins. Þrjár orkugjafar eru teknir til skoðunar: kol, olía og gas.

Útreikningur á óendurnýjanlegum auðlindum

Litið er á óendurnýjanlegar auðlindir sem sambland af hlutfallslegu aðgengilegu magni og af mismunandi losun frá mismunandi uppsprettum. Færibreytan reiknast því sem TORE (tonne of oil resource equivalents - tonn olíuauðlinda jafngilda).

Líta ber á færibreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Óendurnýjanlegar auðlindir (TORE/tonnum af pappír ⁽¹⁾) = x tonn af olíu/tonnum af pappír
 + $0,11 x y$ (tonn af kolum/
 tonnum af pappír) + $7,3 \times 10^4 x$
 z (m³ af gasi/tonnum af pappír)
 + $5,0 \times 10^5 x v$ (kWh/tonnum
 af pappír),

þar sem

x = tonnafjöldi olíueldsneytis sem er notað,
 y = tonnafjöldi kola sem eru notuð,
 z = fjöldi m³ af gasi sem er notað, og
 v = fjöldi kílóvattstunda sem eru notaðar.

1.3. Koltvísýringur, CO₂

Skilgreining á losun koltvísýrings, CO₂

Losun koltvísýrings, CO₂, frá jarðefnaeldsneyti og framleiðsla rafmagns sem á rætur að rekja til deigframleiðslu og framleiðslu á þurrkum/pappír skal tekin til greina, aftur á móti er losun CO₂, vegna notkunar endurnýjanlegra auðlinda ekki talin með. Magn CO₂,-losunar frá deigframleiðslunni sem og frá pappírframleiðslunni skal talið með.

Útreikningur á koltvísýringslosun, CO₂,

Losun CO₂, á rætur að rekja til óendurnýjanlegra auðlinda og til CO₂,-losunar frá rafmagnsframleiðslu sem fram fer utan pappírversins.

Líta ber á færibreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

CO₂, (tonn/tonnum af pappír) = $3,00 X x$ (tonn af olíu/tonnum af pappír) + $2,50 X y$ (tonn af kolum/tonnum af pappír) + $2,22 X 10^3 X z$ (m³ af gasi/tonnum af pappír) + $4,4 X 10^4 X v$ (kWh/tonnum af pappír),

⁽¹⁾ Í formúlunum táknar orðið „pappír“ bæði pappír og þurrkur.

þar sem

x = tonnafjöldi olíueldsneytis sem er notað,

y = tonnafjöldi kola sem eru notuð,

z = fjöldi m^3 af gasi sem er notað, og

v = fjöldi kílóvattstunda sem eru notaðar.

Prófun á koltvísýringi, CO_2 ,

CO_2 er reiknað á grundvelli massajafnvægis mismunandi orkugjafa sem eru notaðir.

1.4. Brennisteinn, S, brennisteinsdíoxíð, SO_2 ,

Skilgreining á losun brennisteins, S, brennisteinsdíoxíðs, SO_2 ,

Magn brennisteinslosunar við framleiðslu deigs sem og við framleiðslu á þurrkum/pappír skal talið með og verður sú tala að grundvallast á mælingum sem eru gerðar í verunum. Það sem leggst ofan á vegna rafmagnsframleiðslu utan versins er meðalatala SO_2 við framleiðslu þess rafmagns sem þörf er fyrir. Ef hreinsunartækni er notuð skal útreikningurinn byggjast á losuninni eins og hún mælist eftir hreinsun.

Útreikningur á brennisteini, S, brennisteinsdíoxíði, SO_2 ,

Losun SO_2 á rætur að rekja til óendurnýjanlegra auðlinda og efna. Hluti óendurnýjanlegru orkunnar er rafmagn og þegar rafmagn er notað verður að taka með í reikninginn þá viðbót við SO_2 -losunina sem skapast við framleiðslu (á rafmagni) utan við pappírsverid. Formúlan fyrir SO_2 -losun, sem fram kemur hér að neðan, tekur einungis SO_2 , sem tengist orku með í reikninginn.

Líta ber á færíbreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

$$SO_2 \text{ (kg S/tonnum af pappír)} = \text{kg S/tonnum af pappír (mældum)} + 1,25 \times 10^3 \times v \text{ (kWh/tonnum af pappír)},$$

þar sem

v = fjöldi kílóvattstunda sem eru notaðar.

Prófun á brennisteini, S, brennisteinsdíoxíði, SO_2

SO_2 er annaðhvort reiknað á grundvelli massajafnvægis eða mælt frá reyk háfnum í samræmi við VDI 2462.

1.5. Lífræn efni í vatn, COD

Skilgreining á lífrænum efnum í vatn, COD

Færíbreytan COD er notuð til að lýsa mengun vatns með lífrænu efni.

Útreikningur á lífrænum efnum í vatn, COD

COD er ákvarðað í ósúðu sýni. Af þessu leiðir að lífrænn hluti svifagna er talinn með. Ólífræni hlutinn er að jafnaði talinn skaðlaus og kallar einungis fram staðbundin áhrif sem eru undir síutegundinni og viðtakanum komin. Færibreytan „heildarmagn svifagna“ verður því ekki tekin með. Ef hreinsunartækni er notuð skal útreikningurinn byggjast á losuninni eins og hún mælist eftir hreinsun.

Ef opinber skolphreinsunarstöð er notuð skal bæði taka tillit til notaðrar orku og losunar sem má rekja til hennar við útreikninga á massajafnvæginu. Notast skal við hlutfallslegt framlag í prósentum.

Líta ber á færibreytuna - eins og áður er komið fram - sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Prófun á lífrænum efnum í vatn, COD

COD er mælt í ósúðum sýnum í samræmi við ISO 6060.

1.6. Klóruð lífræn efni, AOX

Skilgreining á klóruðum lífrænum efnum, AOX

Lítið er á AOX-færibreytuna sem magn ásoganlegra lífrænna halógena sem eru losuð frá verinu. Hér er um að ræða heildartölu sem gefur til kynna heildarmagn efna sem sogast á lífrænt efni (í aðferðinni um virk kolefni), í skolpi eru það til að mynda klóruð efni sem hafa tilhneigingu til að sogast í eðjuna í skolphreinsunarstöðinni. Klóruð lífræn efni eru ákvörðuð sem kg AOX/tonnum af þurrkum/pappír.

Útreikningur á klóruðum lífrænum efnum

Ef hreinsunartækni er notuð skal útreikningurinn byggjast á losuninni eins og hún mælist eftir hreinsun. Ef losunarefni úr megnuðu vatni eru send til opinberrar skolphreinsunarstöðvar verður útreikningurinn að miðast við eiginlega hreinsunarprósentu í viðkomandi veri.

Líta ber á færibreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Prófun á klóruðum lífrænum efnum, AOX

AOX er mælt í samræmi við ISO 9562.

1.7. Úrgangur

Skilgreining á úrgangi (jákvæðum og neikvæðum)

Með úrgangi er átt við allan úrgang í föstu formi sem losna þarf við. Af þessu leiðir að eðja sem myndast við meðhöndlun skolps og aska sem myndast við brennslu telst hér með. Ef skolp er meðhöndlað í opinberri stöð verður að miða við losun frá henni í útreikningunum.

Útreikningur á úrgangi

Reikna verður út hlutfallslegt framlag þurrku-/pappírsframleiðslunnar og á grundvelli þeirrar niðurstöðu ber að reikna magn úrgangs.

Ef opinbera stöðin er brennslustöð skal einnig taka losun út í andrúmsloftið með í reikninginn. Hlutfallslegt magn úrgangs frá brennslustöðinni, svo sem aska, skal einnig talið með.

Notkun enduruninna trefja telst „minnkun úrgangs“. Því skal draga það magn enduruninna trefja sem er notað til að framleiða eitt tonn af þurrkum/pappír frá því magni úrgangs sem verður til við framleiðsluna.

Líta ber á færíbreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Pappírsúrgangur

Notaður pappír er pappír sem hefur verið búinn til við undanfarandi framleiðsluferli og hefur verið notaður, eða ætla má að hafi verið notaður, í tilætluðum tilgangi.

Þegar pappír af þessari tegund er safnað saman án þess að hann sé flokkaður en er síðan flokkaður til að unnt sé að nota hann í deig getur hann kallast „endurvinnanlegur pappír“ á meðan pappír sem á að nota í orkuframleiðslu eða á að fleygja telst „pappírsúrgangur“.

2. Eftirlit og útreikningur

2.1. Val á rannsóknarstofu til greiningar

Greining á efnun og losun þeirra skal fara fram á rannsóknarstofum sem þar til bær aðili tilnefnir eða sem hafa fengið faggildingu í samræmi við kröfur EN 45001 eða samsvarandi staðals.

Að öðrum kosti má notast við stofnanir sem eru skráðar í samræmi við ISO 9001 eða 9002.

2.2. Útreikningur á losunargildum

Reikna ber álagspunkt fyrir hverja færíbreytu samkvæmt viðeigandi liðum í þessum viðbæti og viðeigandi viðmiðunarskjali.

Ef pappírsmyllan flytur inn deig til framleiðslu á þurrkum/pappír verða birgjar deigsins að útvega framleiðanda þurrkanna/pappírsins viðeigandi skjöl með viðeigandi upplýsingum um losun og notkun aðfanga fyrir deigið. Birgjar deigs - jafnvel þeir sem hafa aðsetur utan Evrópubandalagsins - verða að setta sig við eftirlit þriðja aðila. Heildarniðurstaðan skal byggjast á reiknuðum færíbreytum bæði fyrir pappírsmylluna og, ef við á, frá deigframleiðslunni. Heildarniðurstaðan sýnir - ef taflan í viðaukanum er notuð - álagspunkta alls.

Þegar innflytjandi sækir um umhverfismerki verða bæði framleiðandinn og birgirinn að útvega innflytjandanum viðeigandi skjöl með viðeigandi upplýsingum um losun og notkun aðfanga fyrir deigið. Bera verður niðurstöðurnar saman við töfluna í viðaukanum og út frá því er hægt að segja til um álagspunkta hvað varðar hverja færíbreytu.

Ef pappírsmyllan framleiðir mismunandi vörur skal reikna samanlagða losun frá myllunni með tilliti til hvernar færíbreytu um sig eftir umfangi viðkomandi framleiðslu yfir sömu tímabil og um getur við útreikning á massajafnvægi fyrir hverja færíbreytu um sig.

Ef framleiðslan eða hálfunna framleiðslan leiðir til losunar eða úrgangs og auðlindanotkunar í opinberum verum verður að taka losun frá þessum verum til greina við útreikninginn.

2.3. Tíðni prófana

Prófanir vegna sýnatöku og mælinga verða að fara nógu oft fram að tryggt sé að framleiðslan sé í samræmi við viðmiðanirnar sem eru gefnar upp í viðeigandi viðmiðunarskjölum.

2.4. Skógvarsla

Þegar umsækjandi leggur fram umsókn um vöru sem inniheldur deig framleitt úr nýjum trefjum verður hann að framvísa yfirlýsingu þess efnis að deigið sé fengið úr skógum með skógvörslu, samanber skilgreininguna sem er að finna í þessum viðbæti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 14. nóvember 1994

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á eldhúsrúllum umhverfismerki bandalagsins(*)

(94/925/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að skilyrði fyrir veitingu vistmerkisins skuli ákveðin fyrir hvern framleiðsluflokk um sig.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að meta skuli áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir framleiðsluflokka.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila með samráðsfundum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Vöruflokkurinn „eldhúsrúllur“ er skilgreindur þannig:

„Rúllur af pappír ætlaðar til heimilisnota. Pappírinn hentar til að gleypa í sig vökva og hreinsa óhreinindi af yfirborðsflötum. Hann er að jafnaði gerður úr krepudum eða upphleyptum pappír í einu eða fleiri lögum. Skyldar vörur úr mjúkum pappír, svo sem munnþurrkur eða ámóta þurrkur, falla ekki undir vöruflokkinn.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins sem er skilgreindur í 1. gr. með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

4. gr.

Hvað stjórnsýslu varðar er kenninúmer vöruflokksins „005“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútö. EB nr. L 364, 31. 12. 1994, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/95 frá 15. desember um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjútö. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI Á ELDHÚSRÚLLUR

Umhverfisviðmiðanir

- i) Trefjakenna hráefnið sem er notað til pappírsframleiðslunnar skal vera deig úr nýjum trefjum eða deig framleitt úr pappírsúrgangis(*), eða blöndur þeirra. Allur nýr viður skal vera frá svæðum með skógvörslus(*).
- ii) Áhrif vörunnar á umhverfi eru metin með hliðsjón af eftirfarandi færíbreytum:
 - a) notkun endurnýjanlegra auðlindas(*);
 - b) notkun óendurnýjanlegra auðlindas(*); c) losun koltvísýrings;
 - d) losun brennisteins/brennisteinsdíoxíðs;
 - e) losun lífrænna efna í vatn (COD);
 - f) losun klóraðra lífrænna efna (í vatn) (AOX);
 - g) losun úrgangs(*).

Útkoma vörunnar gagnvart hverri færíbreytu um sig er táknuð með tölu fyrir álagspunkt, í samræmi við punktakerfið sem fram kemur í töflunni í þessu skjali. Ekki er unnt að veita vörunni umhverfismerkið ef álagspunkturinn sem sýnir útkomu hennar gagnvart færíbreytum c-, d-, e-, f- eða g-liðar hefur hærra gildi en þau sem „þröskuldur“ miðast við í kerfinu sem er sett fram í töflunni í þessu skjali.

(*) Í viðbætinum við þennan viðauka er að finna skilgreiningar á þeim hugtökum sem eru stjórnumerkt.

Tafla

Færibreytur, gildi og tilheyrandi álagspunktur

Páttur	Grunnálagspunktur	
Endurnýjanlegar auðlindir (tonn af viði/tonnum af pappír)	t af viði/t 0,1 ≤ t af viði/t 0,7 ≤ t af viði/t 1,3 ≤ t af viði/t 1,9 ≤ t af viði/t 2,5 ≤ t af viði/t 3,5 ≤ t af viði/t	< 0,1 = 0 < 0,7 = 0,3 < 1,3 = 0,6 < 1,9 = 0,9 < 2,5 = 1,2 < 3,5 = 1,5 = 2
Óendurnýjanlegar auðlindir (TORE/ tonnum af pappír)	TORE/t 0,1 ≤ TORE/t 0,2 ≤ TORE/t 0,3 ≤ TORE/t 0,4 ≤ TORE/t 0,5 ≤ TORE/t	< 0,1 = 0 < 0,2 = 0,3 < 0,3 = 0,6 < 0,4 = 0,9 < 0,5 = 1,2 = 2,4
Koltvísýringur, CO ₂ (tonn af CO ₂ /tonnum af pappír)	t CO ₂ /t 0,6 ≤ t CO ₂ /t 1,2 ≤ t CO ₂ /t 1,8 ≤ t CO ₂ /t 2,4 ≤ t CO ₂ /t 3,0 ≤ t CO ₂ /t	< 0,6 = 0 < 1,2 = 1 < 1,8 = 2 < 2,4 = 3 < 3,0 = 4 = þröskuldur
Brennisteinsdíoxíð, SO ₂ (kg S/tonnum af pappír)	kg S/t 0,5 ≤ kg S/t 2,0 ≤ kg S/t 4,0 ≤ kg S/t 7,0 ≤ kg S/t 10,0 ≤ kg S/t	< 0,5 = 0 < 2,0 = 1 < 4,0 = 2 < 7,0 = 3 < 10,0 = 4 = þröskuldur
Lífræn efni í vatn, COD (kg COD/tonnum af pappír)	kg COD/t 6 ≤ kg COD/t 15 ≤ kg COD/t 40 ≤ kg COD/t 60 ≤ kg COD/t 80 ≤ kg COD/t	< 6 = 0 < 15 = 1 < 40 = 2 < 60 = 3 < 80 = 4 = þröskuldur
Klóruð lífræn efni, AOX (kg AOX/tonnum af pappír)	kg AOX/t 0,1 ≤ kg AOX/t 0,3 ≤ kg AOX/t 0,5 ≤ kg AOX/t	< 0,1 = 0 < 0,3 = 0,6 < 0,5 = 1,2 = þröskuldur
Úrgangur (tonn af úrgangi/tonnum af pappír)	t af úrgangi/t - 0,8 ≤ t af úrgangi/t - 0,3 ≤ t af úrgangi/t 0,02 ≤ t af úrgangi/t 0,2 ≤ t af úrgangi/t 0,4 ≤ t af úrgangi/t	< - 0,8 = 0 < - 0,3 = 1 < 0,02 = 2 < 0,2 = 3 < 0,4 = 4 = þröskuldur
Álagspunktur alls		S Y

Í viðbætinum við þennan viðauka eru leiðbeiningar um útreikninga og prófanir á útkomu vöru með tilliti til þessara færifreytna.

- iii) Til að fá umhverfismerkið má námunduð heildarsumma álagspunkta fyrir vöruna, skilgreind sem „álagspunktar alls“ x margfaldari, ekki fara yfir 6,5 punkta.

„Álagspunktar alls“ skulu reiknaðir í samræmi við töfluna.

Margfaldari skal reiknaður í samræmi við innskotið í þennan viðauka.

- iv) Umsækjandi má ekki fara upp fyrir þær tölur sem þröskuldur miðast við. Þetta á við um færifreyturnar fyrir CO₂, SO₂, COD, AOX og úrgang.

Nothæfisviðmiðun

Varan skal vera í nothæfu ástandi.

Innskot í viðauka við ákvörðun um umhverfismerkingu á eldhúsrúllum

Styrkur

- Í raun telst engin vara ófær um að fullnægja kröfunum, þegar styrkur hennar er mældur í þurru ástandi, og þar af leiðandi eru styrktareiginleikar í votu ástandi ráðandi hvað þessa færribreytu varðar. Svonefnt rúmfræðilegt meðaltölgölp (geometric mean tensile - GMT) er viðurkennd mæling á styrk og er reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$\text{GMT} = \frac{\text{WET MD} \times \text{WET CD}}{\text{gms}}$$

þar sem

WET MD er vætuþölp í átt að vél(*),

WET CD er vætuþölp þvert á vélaráttina (*),

gms er þyngd vörunnar (í grömmum) á fermetra.

Gleypnigeta

- Gleypnigeta er mæld með því að ákvarða hina tilteknu gleypnil(*), þ.e. hversu mikil vatnsgleypnin (í grömmum) er á hvert gramm af vöru. Þannig tengist gleypnigetan vörumagninu sem er notað.
 - Með því að tengja þessar tvær breytur saman hefur verið sýnt fram á - með óháðum aðföngum og mismunandi prófunaraðferðum - að GMT og gleypni séu innbyrðis óháð, nema í örfáum jaðartilvikum. Þetta tvennt er með öðrum orðum ekki innbyrðis tengt. Þannig fer mikið togþölp ekki saman við mikla eða litla gleypni, svo dæmi sé tekið. Auk þess er um það mikinn breytileika að ræða að ástæða er til að nota punktakerfi.
 - Ýmsar vörur sem eru dæmi um það besta og það lélegasta sem er að finna á markaðinum hafa verið prófaðar og styrkur þeirra og gleypni skráð á eftirfarandi hátt. Í öllum meginatriðum er spönnun GMT normaldreifð með jaðargildin ≤ 2 og ≥ 6 og með 4 sem meðalgildi.
- Gleypni má tákna með jaðargildunum $\leq 3,5$ og ≥ 5 með 4 sem meðalgildi. Í báðum tilvikum hafa hæstu jaðargildin 1 punkt en þau lægstu 5 punkta með eðlilega hlutfallsdreifingu gilda þar á milli.
- Spönnun kvarðans nær því frá 1 = gott að 5 = lélegt. Þannig fær vara sem telst góð hvað styrk varðar en léleg hvað gleypni varðar 6 punkta. Önnur dæmi sýna að vara sem mælist góð með tilliti til beggja breytna fengi 2 punkta, sem er það lægsta sem hægt er að fá, en sú lélegasta fengi samanlagt 10 punkta.
 - Miðað við þessar forsendur fengu raunverulegar vörur sem voru prófaðar eftirfarandi punkta:

Vörubreyta	Þurrka A		Þurrka B		Þurrka C		Þurrka D	
	Útkoma	Punktur	Útkoma	Punktur	Útkoma	Punktur	Útkoma	Punktur
Styrkur (GMT)	2,08	5	3,8	4	4,84	3	6,13	1
Gleypni	3,33	5	5,4	1	2,81	5	3,03	5
Punktur alls	-	10	-	5	-	8	-	6

(*) Mælt með viðurkenndri staðalaðferð iðnaðarins.

7. Þegar þessir punktar eru settir í samband við aðferðafræðina almennt er ljóst að þá ber að nota sem margföldunarstuðul. Þetta stafar af því að nothæfisviðmiðunin er háð því hve mikið magn vörunnar er notað - þegar um lakari vöru er að ræða þarf meira magn og þannig margfaldast umhverfisáhrifin. Þetta endurspeglar það sem fagmenn hafa gert sér grein fyrir í greininni, að spönnun vara á markaðinum liggur ekki á bilinu 2 til 10 heldur er nær að tala um hlutfallið 0,75 til 1,0. Með öðrum orðum er hlutfallið á milli pappírnotkunar bestu vara til hinna lélegustu nálægt 0,75. Af þessum sökum er lagt til að punktagildi á bilinu 2 til 10 séu línulega umreiknuð yfir á bilið 0,75 til 1,0. Þannig verða margföldunaráhrifin fyrir framangreindar niðurstöður sem hér segir:

	Þurrka A	Þurrka B	Þurrka C	Þurrka D
Punktar	10	5	8	6
Margfaldari	1,000	0,844	0,938	0,875

Notkun

8. Með því að nota nákvæmar viðmiðanir er unnt að leggja saman punkta fyrir mismunandi umhverfisþætti og fá heildartöluna 6,5. Margföldunarstuðullinn fyrir þurrku sem fær einkunnina 6,5 grunnálagspunkta myndi í mesta lagi umbreyta útkomunni í 4,9 ($6,5 \times 0,75$). Þegar um góða þurrku er að ræða endurspeglar þetta aukið notagildi vörunnar (þ.e. tonn af vörunni endist betur) sem leiðir af sér minni umhverfisáhrif. Á hinn bóginn yrði lélegri þurrka ekki dregin niður

(margfaldari = 1,0) þannig að hún hefði enn möguleika á að fá umhverfismerki.

Viðbætur

ÚTREIKNINGS- OG PRÓFUNARÆFERÐ HVERRAR FÆRIBREYTTU UM SIG

Efnisyfirlit

1. Skilgreining, útreikningur og prófun á færíbreyttunum	49
1.1. Endurnýjanlegar auðlindir	49
1.2. Óendurnýjanlegar auðlindir	50
1.3. Koltvísýringur, CO ₂	50
1.4. Brennisteinn, S, brennisteinsdíoxíð, SO ₂	51
1.5. Lífræn efni í vatn, COD	51
1.6. Klóruð lífræn efni, AOX	52
1.7. Úrgangur	52
2. Eftirlit og útreikningur	53
2.1. Val á rannsóknarstofu til greiningar	53
2.2. Útreikningur á losunargildum	53
2.3. Tíðni prófana	53

2.4. Skógvarsla	53
-----------------------	----

1. Skilgreining, útreikningur og prófun á færribreytunum

Í þessum viðbæti eru færribreyturnar úr töflunni í viðmiðunarskjalinu skilgreindar og viðeigandi prófunaraðferða er getið.

1.1. Endurnýjanlegar auðlindir

Skilgreining á skógvörslu

Í þessari ákvörðun er skógvarsla skilgreind með þeim hætti sem fram kemur í ályktun H1 „Almennar viðmiðunarreglur um ábyrga skógvörslu í Evrópu“ sem var samþykkt á ráðherrastefnunni um verndun skóga í Evrópu í Helsinki í júní 1993:

Stjórnun og nýting skóga og skóglendis á þann hátt og í þeim mæli að unnt sé að halda við fjölbreytileika lífs, framleiðni, endurnýjun, lífvænleika þeirra og getu til að uppfylla, nú og um ókomna tíð, viðeigandi vistfræðilegt, efnahagslegt og félagslegt hlutverk á hverjum stað, í hverju landi og um veröld alla og að ekki skaði önnur vistkerfi.

Fyrir ríki sem hafa ekki samþykkt Helsinki-ályktunina er skógvarsla skilgreind með þeim hætti sem fram kemur í skjalinu: „Yfirlýsing sem er ekki lagalega bindandi um meginreglur um víðtækt samkomulag um vörslu, varðveislu og sjálfbæra þróun hvers kyns skóga“ - sem var samþykkt á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í júní 1992.

Að loknu þriggja ára tímabili verður þessi ákvörðun endurskoðuð í ljósi þess hvernig mál þróast með tilliti til starfsreglna og stefnumiða sem tengjast skógvörslu og fram koma á alþjóðavettvangi.

Skilgreining á notkun endurnýjanlegra auðlinda

Hráefnið er plöntutrefjar sem eru notaðar við framleiðslu á þurrkum/pappír, hér er einkum um að ræða við, en einnig verður að taka aðrar tegundir með í reikninginn, svo sem bambus, filagras (elephant grass) og aðra hluta fjölærra plantna sem eru ræktaðar í því skyni að afla hráefnis fyrir þurrku-/pappírsframleiðslu, þegar þær eru notaðar. Ef plöntutrefjar eru notaðar til orkuframleiðslu í pappírsmyllunni verður einnig að reikna magn þeirra með.

Ekki eru tekin með í útreikninginn efni eins og:

- pappírúrgangur (eins og hann er skilgreindur í lið 1.7.),
- viður sem fellur til við grisjun þegar verið er að auka vaxtarrými nálægra trjáa eða þegar sýkt eða skemmd tré eru fjarlægð,
- viður af trjám sem gefa sig eða brotna í vindi eða undan snjóþyngslum,
- viðarúrgangur, sag og afsagaðir viðarbútar úr sögunarmyllum né heldur börkur,
- landbúnaðarúrgangur (kraminn sykurreyr, hálmur o.s.frv.). Hálmur er ekki landbúnaðarúrgangur þegar hann er ræktaður sem hráefni til pappírsframleiðslu.

Útreikningur á endurnýjanlegum auðlindum

Líta ber á færribreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár. Mæla skal hve mikill viður eða ámóta efni er notað á móti hverju tonni af framleiddri pappírsvöru. Ef pappírsmyllan flytur

inn deig til framleiðslu á þurrkum/pappír verður birgirinn að útvega pappírsmyllunni nauðsynleg skjöl.

1.2. Óendurnýjanlegar auðlindir

Skilgreining á notkun óendurnýjanlegra auðlinda

Einungis notkun jarðefnaeldsneytis sem tengist framleiðslustigum lífsferilsins er tekin til greina. Hér er átt við notkun jarðefnaeldsneytis við rafmagnsframleiðslu innan almenna dreifikerfisins. Þrír orkugjafar eru teknir til skoðunar: kol, olía og gas.

Útreikningur á óendurnýjanlegum auðlindum

Litið er á óendurnýjanlegar auðlindir sem sambland af hlutfallslegu aðgengilegu magni og af mismunandi losun frá mismunandi uppsprettum. Færibreytan reiknast því sem TORE (tonne of oil resource equivalents - tonn olíuauðlindajafngilda).

Líta ber á færibreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Óendurnýjanlegar auðlindir (TORE/tonnum af pappír ⁽¹⁾) = x tonn af olíu/tonnum af pappír
 + $0,11 x y$ (tonn af kolum/tonnum af pappír) + $7,3 \times 10^4 x z$ (m³ af gasi/tonnum af pappír) + $5,0 \times 10^5 x v$ (kWh/tonnum af pappír),

þar sem

x = tonnafjöldi olíueldsneytis sem er notað,

y = tonnafjöldi kola sem eru notuð,

z = fjöldi m³ af gasi sem er notað, og

v = fjöldi kílóvattstunda sem eru notaðar.

1.3. Koltvísýringur, CO₂

Skilgreining á losun koltvísýrings, CO₂

Losun koltvísýrings, CO₂, frá jarðefnaeldsneyti og framleiðsla rafmagns sem á rætur að rekja til deigframleiðslu og framleiðslu á þurrkum/pappír skal tekin til greina, aftur á móti er losun CO₂ vegna notkunar endurnýjanlegra auðlinda ekki talin með. Magn CO₂-losunar frá deigframleiðslunni sem og frá pappírframleiðslunni skal talið með.

Útreikningur á koltvísýringslosun, CO₂

Losun CO₂ á rætur að rekja til óendurnýjanlegra auðlinda og til CO₂-losunar frá rafmagnsframleiðslu sem fram fer utan pappírversins.

Líta ber á færibreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

CO₂ (tonn/tonnum af pappír) = $3,00 x x$ (tonn af olíu/tonnum af pappír) + $2,50 x y$ (tonn af kolum/tonnum af pappír) + $2,22 \times 10^3 x z$ (m³ af gasi/tonnum af pappír) + $4,4 \times 10^4 x v$

(1) Í formúlunum táknar orðið „pappír“ bæði pappír og þurrkur.

(kWh/tonnum af pappír),

þar sem

x = tonnafjöldi olíueldsneytis sem er notað,

y = tonnafjöldi kola sem eru notuð,

z = fjöldi m³ af gasi sem er notað, og

v = fjöldi kílóvattstunda sem eru notaðar.

Prófun á koltvísýringi, CO₂

CO₂ er reiknað á grundvelli massajafnvægis mismunandi orkugjafa sem eru notaðir.

1.4. Brennisteinn, S, brennisteinsdíoxíð, SO₂

Skilgreining á losunbrennisteins, S, brennisteinsdíoxíðs, SO₂

Magn brennisteinslosunar við framleiðslu deigs sem og við framleiðslu á þurrkum/pappír skal talið með og verður sú tala að grundvallast á mælingum sem eru gerðar í verunum. Það sem leggst ofan á vegna rafmagnsframleiðslu utan versins er meðalatala SO₂ við framleiðslu þess rafmagns sem þörf er fyrir. Ef hreinsunartækni er notuð skal útreikningurinn byggjast á losuninni eins og hún mælist eftir hreinsun.

Útreikningur á brennisteini, S, brennisteinsdíoxíði, SO₂

Losun SO₂ á rætur að rekja til óendurnýjanlegra auðlinda og efna. Hluti óendurnýjanlegru orkunnar er rafmagn og þegar rafmagn er notað verður að taka með í reikninginn þá viðbót við SO₂-losunina sem skapast við framleiðslu (á rafmagni) utan við pappírsverið. Formúlan fyrir SO₂-losun, sem fram kemur hér að neðan, tekur einungis SO₂ sem tengist orku með í reikninginn.

Líta ber á færíbreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

SO₂ (kg S/tonnum af pappír) = $\frac{\text{kg S/tonnum af pappír (mældum)} + 1,25 \times 10^3 \times v}{\text{tonnum af pappír}}$

þar sem

v = fjöldi kílóvattstunda sem eru notaðar.

Prófun á brennisteini, S, brennisteinsdíoxíði, SO₂

SO₂ er annaðhvort reiknað á grundvelli massajafnvægis eða mælt frá reykháfum í samræmi við VDI 2462.

1.5. Lífræn efni í vatn, COD

Skilgreining á lífrænum efnum í vatn, COD

Færíbreytan COD er notuð til að lýsa mengun vatns með lífrænu efni.

Útreikningur á lífrænum efnum í vatn, COD

COD er ákvarðað í ósúðu sýni. Af þessu leiðir að lífrænn hluti svifagna er talinn með. Ólífræni hlutinn er að jafnaði talinn skaðlaus og kallar einungis fram staðbundin áhrif sem eru undir síutebundinni og viðtakanum komin. Færibreytan „heildarmagn svifagna“ verður því ekki tekin með. Ef hreinsunartækni er notuð skal útreikningurinn byggjast á losuninni eins og hún mælist eftir hreinsun.

Ef opinber skolphreinsunarstöð er notuð skal bæði taka tillit til notaðrar orku og losunar sem má rekja til hennar við útreikninga á massajafnvæginu. Notast skal við hlutfallslegt framlag í prósentum.

Líta ber á færibreytuna - eins og áður er komið fram - sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Prófun á lífrænum efnum í vatn, COD

COD er mælt í ósúðum sýnum í samræmi við ISO 6060.

1.6. Klóruð lífræn efni, AOX

Skilgreining á klóruðum lífrænum efnum, AOX

Lítið er á AOX-færibreytuna sem magn ásoganlegra lífrænna halógena sem eru losuð frá verinu. Hér er um að ræða heildartölu sem gefur til kynna heildarmagn efna sem sogast á lífrænt efni (í aðferðinni um virk kolefni), í skolpi eru það til að mynda klóruð efni sem hafa tilhneigingu til að sogast í eðjuna í skolphreinsunarstöðinni. Klóruð lífræn efni eru ákvörðuð sem kg AOX/tonnum af þurrkum/pappír.

Útreikningur á klóruðum lífrænum efnum

Ef hreinsunartækni er notuð skal útreikningurinn byggjast á losuninni eins og hún mælist eftir hreinsun. Ef losunarefni úr megnuðu vatni eru send til opinberrar skolphreinsunarstöðvar verður útreikningurinn að miðast við eiginlega hreinsunarprósentu í viðkomandi veri.

Líta ber á færibreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Prófun á klóruðum lífrænum efnum, AOX

AOX er mælt í samræmi við ISO 9562.

1.7. Úrgangur

Skilgreining á úrgangi (jákvæðum og neikvæðum)

Með úrgangi er átt við allan úrgang í föstu formi sem losna þarf við. Af þessu leiðir að eðja sem myndast við meðhöndlun skolps og aska sem myndast við brennslu telst hér með. Ef skolp er meðhöndlað í opinberri stöð verður að miða við losun frá henni í útreikningunum.

Útreikningur á úrgangi

Reikna verður út hlutfallslegt framlag þurrku-/pappírsframleiðslunnar og á grundvelli þeirrar niðurstöðu ber að reikna magn úrgangs.

Ef opinbera stöðin er brennslustöð skal einnig taka losun út í andrúmsloftið með í reikninginn. Hlutfallslegt magn úrgangs frá brennslustöðinni, svo sem aska, skal einnig talið með. Notkun endurunninna trefja telst „minnkun úrgangs“. Því skal draga það magn endurunninna trefja sem er notað til að framleiða eitt tonn af þurrkum/pappír frá því magni úrgangs sem

verður til við framleiðsluna.

Líta ber á færribreytuna sem hluta af massajafnvæginu við framleiðslu á þurrkum/pappír. Tímabilið sem massajafnvægið miðast við skal vera eitt ár.

Pappírsúrgangur

Notaður pappír er pappír sem hefur verið búinn til við undanfarandi framleiðsluferli og hefur verið notaður, eða ætla má að hafi verið notaður, í tilætluðum tilgangi.

Þegar pappír af þessari tegund er safnað saman án þess að hann sé flokkaður en er síðan flokkaður til að unnt sé að nota hann í deig getur hann kallast „endurvinnanlegur pappír“ á meðan pappír sem á að nota í orkuframleiðslu eða á að fleygja telst „pappírsúrgangur“.

2. Eftirlit og útreikningur

2.1. Val á rannsóknarstofu til greiningar

Greining á efnam og losun þeirra skal fara fram á rannsóknarstofum sem þar til bær aðili tilnefnir eða sem hafa fengið faggildingu í samræmi við kröfur EN 45001 eða samsvarandi staðals.

Að öðrum kosti má notast við stofnanir sem eru skráðar í samræmi við ISO 9001 eða 9002.

2.2. Útreikningur á losunargildum

Reikna ber álagspunkt fyrir hverja færribreytu samkvæmt viðeigandi liðum í þessum viðbæti og viðeigandi viðmiðunarskjali.

Ef pappírsmyllan flytur inn deig til framleiðslu á þurrkum/pappír verða birgjar deigsins að útvega framleiðanda þurrkanna/pappírsins viðeigandi skjöl með viðeigandi upplýsingum um losun og notkun aðfanga fyrir deigið. Birgjar deigs - jafnvel þeir sem hafa aðsetur utan Evrópubandalagsins - verða að setta sig við eftirlit þriðja aðila. Heildarniðurstaðan skal byggjast á reiknuðum færribreytum bæði fyrir pappírsmylluna og, ef við á, frá deigframleiðslunni. Heildarniðurstaðan sýnir - ef tafla I í viðaukanum er notuð - álagspunkta alls.

Þegar innflytjandi sækir um umhverfismerki verða bæði framleiðandinn og birgirinn að útvega innflytjandanum viðeigandi skjöl með viðeigandi upplýsingum um losun og notkun aðfanga fyrir deigið. Bera verður niðurstöðurnar saman við töflu I í viðaukanum og út frá því er hægt að segja til um álagspunkta hvað varðar hverja færribreytu.

Ef pappírsmyllan framleiðir mismunandi vörur skal reikna samanlagða losun frá myllunni með tilliti til hvernar færribreytu um sig eftir umfangi viðkomandi framleiðslu yfir sömu tímabil og um getur við útreikning á massajafnvægi fyrir hverja færribreytu um sig.

Ef framleiðslan eða hálfunna framleiðslan leiðir til losunar eða úrgangs og auðlindanotkunar í opinberum verum verður að taka losun frá þessum verum til greina við útreikninginn.

2.3. Tíðni prófana

Prófanir vegna sýnatöku og mælinga verða að fara nógu oft fram að tryggt sé að framleiðslan sé í samræmi við viðmiðanirnar sem eru gefnar upp í viðeigandi viðmiðunarskjölum.

2.4. Skógvarsla

Þegar umsækjandi leggur fram umsókn um vöru sem inniheldur deig framleitt úr nýjum trefjum verður hann að framvísa yfirlýsingu þess efnis að deigið sé fengið úr skógum með skógvörslu, samanber skilgreininguna sem er að finna í þessum viðbæti.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.717 - Viacom/Bear Stearns)

96/EES/11/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 2. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin Viacom Inc. og Bear Stearns Companies Inc. munu öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yferráð yfir fyrirtækjunum Nickelodeon (Þýskalandi) GmbH & CO KG („Nickelodeon“) og VH-I GmbH & CO OHG („VH-I“), en þessi tvö félög eru nú eingöngu undir yferráðum Viacom Inc.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Viacom: fjölþætt fyrirtæki með afþreyingarefni og jafnframt útgáfufyrirtæki sem annast ýmis konar starfsemi á fimm markaðssviðum, þ.e.: 1) rekstur sjónvarpsneta og sjónvarpsútsendingar, 2) afþreyingarefni, 3) myndbanda- og tónlistarefni/skemmtigarðar, 4) útgáfustarfsemi og 5) kapalsjónvarp,
 - Bear Stearns Companies: starfsemi á sviði bankamála,
 - Nickelodeon: sjónvarpsútsendingar gegnum kapal og beint til áhorfenda í Þýskalandi, Austurríki og á þýskumælandi svæðum í Sviss,
 - VH-I: sjónvarpsútsendingar gegnum kapal og beint til áhorfenda í Þýskalandi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútö. EB nr. C 60, 29. 2. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.717 - Viacom/Bear Stearns, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.718 - Phoenix/Comifar)

96/EES/11/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 2. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækið Phoenix Pharmahandel Aktiengesellschaft + Co, Mannheim/D (Phoenix), stjórnað af meðlimum Merckle-fjölskyldunnar, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yferráð yfir 57,09% af fyrirtækinu Comifar S.p.A., Novate Milanese/I (Comifar) með hlutabréfakaupum. Comifar heldur eftir 9,88% af þessum hluta.

(1) Stjútö. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútö. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Phoenix: heildsala á lyfjum og þjónusta við apótek,
 - Comifar: heildsala á lyfjum og þjónusta við apótek.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 62, 1. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.718 - Phoenix/Comifar, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.721 - Textron/Valois)**

96/EES/11/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 2. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem Textron Inc., öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Valois Industries S.A. með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Textron: framleiðsla á flugvéllum, varahlutum í bíla, flugvélar og varnarbúnað,
 - Valois Industries: hönnun og framleiðsla á festingum og íhlutum fyrir bílaiðnaðinn og annan iðnað.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 58, 28. 2. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.721 - Textron/Valois, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

96/EES/11/12

Tilkynning um samninga um samvinnu á sviði iðnaðar og um myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/35.895 - Mercedes-Benz, MTU, Detroit Diesel Corporation)

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 1. 1996 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, frá Mercedes-Benz AG, Stuttgart og MTU Motoren und Turbinen Union Friedrichshafen GmbH, Friedrichshafen (bæði í Þýskalandi), og Detroit Diesel Corporation, Detroit (Bandaríkjunum). Þessir aðilar hafa gert með sér samning um að vinna saman að þróun, framleiðslu og dreifingu á ýmis konar díselvélum með vélarafli sem nemur allt að 300kW, 300 til 1,000 kW og meira en 1,000 kW. Detroit Diesel og Mercedes-Benz munu starfa saman að þróun díselvélar til notkunar í vélknúin ökutæki á vegum sem notuð eru í atvinnuskyni. MTU og Detroit Diesel munu saman þróa tvær gerðir af díselvélum til iðnaðarnota. Samkvæmt reglunni um sameiginlega nýtingu á aðföngum munu þau skipta með sér framleiðslu á pörtum fyrir þessar vélar eða útvega þá frá öðrum birgjum. Vélar sem hannaðar eru til að mæta eftirspurn í Evrópu verða settar saman í Þýskalandi. Tveimur fyrirtækjum um sameiginlegt verkefni er ætlað að sameina dreifingarkerfi yfir vélar til notkunar í iðnaði sem hingað til hafa verið aðskilin og mun annað þeirra skipuleggja dreifingu og þjónustu í Evrópu.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynnta samninga á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 63, 2. 3. 1996. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.895 - Mercedes-Benz, MTU, Detroit Diesel Corporation, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate F/2
Office 01/057
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

96/EES/11/13

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.642 - Chase Manhattan/Chemical Banking)

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 10. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(¹) Stjútíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

(²) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.674 - Demag/Komatsu)**

96/EES/11/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.661 - STRAGAB/Bank Austria/STUAG)**

96/EES/11/15

Framkvæmdastjórnin úrskurðaði 15. 1. 1996 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem hún myndar ekki samfylkingu samkvæmt 3. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 96/EES/11/16

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/448/EBE um flokkunarleiðbeiningar, samanber 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 31, 9. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/693/EB um skrá yfir sæðingastöðvar sem hafa heimild til að flytja nautasæði til bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 30, 8. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun 94/845/EB um dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð fyrir innflutningi á nýju kjöti frá Tékklandi (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 30, 8. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun ráðsins 79/542/EBE um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nautgripum, svínunum, hófdýrum, kindum, geitum, nýju kjöti og kjötafurðum (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 30, 8. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun 94/86/EB um bráðabirgðaskrá yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning frá á villibráð (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 31, 9. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun 95/296/EB um tilteknar verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og um niðurfellingu á ákvörðun 94/462/EB (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 32, 10. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 1996 um viðurkenningu á írsku staðlinum IS310: Fyrsta útgáfa um forskrift fyrir umhverfiseftirlitskerfi, í samræmi við 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 34, 13. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 1996 um viðurkenningu á breska staðlinum BS7750: 1994 um forskrift fyrir umhverfiseftirlitskerfi, í samræmi við 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 34, 13. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 1996 um viðurkenningu á spænska staðlinum UNE 77-801(2)-94 um forskrift fyrir umhverfiseftirlitskerfi, í samræmi við 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. L 34, 13. 2. 1996).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/11/17

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0378-GR	Tækniforskrift um breytingu á 26. gr. um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og 27. gr. um sérstakar kröfur um hreinleika og endingu plastefna sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í lögum um matvæli	2.5.1996
96-0010-UK	Deildarstaðall BD 2/94: Tæknisamþykki fyrir gerð hraðbrauta og annarra aðalumferðaræða (DOT EP ref.: 026/94/EC)	17.4.1996
96-0011-F	Tæknilegar skýringar á lyfjaskrá sem háðar eru opinberri rannsókn	11.4.1996
96-0012-UK	TR 2186 Hraðbrautarefirlit - kröfur um hraðamælibúnað	17.4.1996
96-0013-UK	TR 2187 Hraðbrautarefirlit - kröfur um merkjabúnað á hraðbrautum undir eftirliti	17.4.1996
96-0014-UK	TR 2188 Hraðbrautarefirlit - kröfur um búnað til mælinga á dagsbirtu	17.4.1996
96-0015-UK	TR 2189 Hraðbrautarefirlit - kröfur um gerð merkjabúnaðar á hraðbrautum undir eftirliti	17.4.1996
96-0016-UK	TRG 1082 Hraðbrautarefirlit - prófun á hraðamælibúnaði, gerðarviðurkenningarreglur	17.4.1996
96-0017-UK	TRG 1083 Hraðbrautarefirlit - prófun á merkjabúnaði og dagsbirtumælum, gerðarviðurkenningarreglur	17.4.1996
96-0018-UK	TRH 1679 Hraðbrautarefirlit - tæknisamþykki (skipulagning)	17.4.1996
96-0019-UK	TRH 1680 Hraðbrautarefirlit - teikningar fyrir uppsetningu á búnaði	17.4.1996
96-0006-S	Eldsneytiskerfi fyrir þrýstigas úr jörðu og lífrænt þrýstigas	24.4.1996
96-0009-NL	Drög að fyrirmælum um bjór frá 1995	6.5.1996
96-0020-NL	Breyting á reglugerð um varnarefnaleifar	22.4.1996
96-0021-F	SP/DGPT/ATAS/33: Tækniforskrift um tengibúnað fyrir örbylgjukerfi sem eru ætluð fyrir tölraena flutninga þar sem notuð er lág flutningsgeta á tíðnisviðinu 1,5 GHz	17.4.1996
96-0022-B	Konungsráðgjafi um ákveðin geðlyf	30.4.1996
96-0023-A	Fyrirmæli frá umhverfismálaráðherra um eldsneyti (fyrirmæli um eldsneyti 1996)	22.4.1996
96-0024-A	Samningur samkvæmt 15. gr. a í fyrirmælum um verndarráðstafanir í tengslum við litlar brennslustöðvar	19.4.1996
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/11/18

Dómur dómstólsins frá 12. desember 1995 í máli C-399/93 (beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank, Zutphen): H.G. Oude Luttkhuis o.fl. gegn Verenigde Coöperatieve Melkindustrie Coberco BA (samkeppni - lög um mjólkursamlög - gjöld sem greiðast við úrsögn eða brottrekstur - 85. gr. EB-sáttmálans og reglugerð nr. 26).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 12. desember 1995 í máli C-469/93 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Trieste): Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Chiquita Italia SpA (bein áhrif GATT-samningsins og Lomé-sáttmálans - innri skattlagning).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 7. desember 1995 í máli C-17/94: (beiðni um forúrskurð frá rannsóknardómara við Tribunal de Grande Instance, Bergerac): sakamál á hendur Denis Gervais o.fl. (gervifriðgun nautgripa -svæðisbundin einokun - takmörkun á starfsemi dýralækna).

Dómur dómstólsins frá 12. desember 1995 í sameinuðum málum C-319/93, C-40/94 og C-224/94 (beiðni um forúrskurð frá Gerechthof, Leeuwarden, og Arrondissementsrechtbank, 's-Hertogenbosch): Hendrik Evert Dijkstra gegn Friesland (Frico Domo) Coöperatie BA o.fl. ((samkeppni - lög um mjólkursamlög - gjöld sem greiðast við úrsögn eða brottrekstur - túlkun á 2. gr. reglugerðar nr. 26).

Dómur dómstólsins frá 7. desember 1995 í máli C-45/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal Superior de Justicia, Andalusíu): Cámara de Comercio, Industria y Navegación, Ceuta gegn sveitarfélaginu Ceuta (frjálsir vöruflutningar - aðildarlög Spánar - gildandi ákvæði fyrir Ceuta og Melilla - gjöld sem hafa sömu áhrif og tollar).

Dómur dómstólsins frá 7. desember 1995 í máli C-41/95: Ráð Evrópusambandsins gegn Evrópuþinginu (fjárhagsáætlun).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 7. desember 1995 í máli C-52/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - aflakvótar fyrir ansjósu - eftirlitsráðstafanir - skuldbindingar aðildarríkjanna).

Dómur dómstólsins frá 14. nóvember 1995 í máli C-281/95: Hedwig Kuchlenz-Winter gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (takmarkað valdsvið dómstólsins - málinu vísað til dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi).

Mál C-388/95: Mál höfðað þann 13. desember 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-390/95 P: Áfrýjað var þann 13. desember 1995 af 1) Antillean Rice Mills NV, 2) European Rice Brokers AVV og 3) Guyana Investments AVV dómi uppkveðnum þann 14. september 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í sameinuðum málum T-480/93 og T-483/93 milli 1) Antillean Rice Mills NV, 2) Trading & Shipping Co. Ter Beek BV, 3) European Rice Brokers AVV, 4) Alesie Curaçao NV og 5) Guyana Investments AVV annars vegar og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, hins vegar með stuðningi ráðs Evrópusambandsins, Lýðveldisins Frakklands og Lýðveldisins Ítalíu.

Mál C-391/95: Beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden samkvæmt dómi þess dómstóls frá 8. desember 1995 í máli Van Uden Africa Line gegn 1) Kommanditgesellschaft in Firma Deco-Line, Peter Determann KG og 2) Peter Determann.

(¹) Sjá Stjttúð. EB nr. C 46, 17. 2. 1996.

Mál C-392/95: Mál höfðað þann 15. desember 1995 af Evrópuþinginu gegn ráði Evrópusambandsins. Mál C-395/95 P: Áfrýjað var þann 18. desember 1995 af Geotronics SA dómi uppkveðnum þann 26. október 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild) í máli T-185/94 milli Geotronics SA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-398/95: Beiðni um forúrskurð frá Simvoulio tis Epikratias tis Ellados (ríkisráðið, Grikklandi) samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 7. nóvember 1995 í máli Sindesmos ton en Elladi Touristikon kai Taxidiotikon Grafion gegn atvinnumálaráðherra.

Mál C-400/95: Beiðni um forúrskurð frá Sø- og Handelsret samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 19. desember 1995 í máli Handels- og Kontorfunktionærernes Forbund í Danmörku, fyrir hönd Helle Elisabeth Larsson, gegn Dansk Handel & Service, fyrir hönd Føtex Supermarked A/S.

Mál C-401/95: Beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg te Brussel samkvæmt dómi þess dómstóls frá 12. desember 1995 í máli B.R.D. (Bureau RIK DECAN-Business Research & Development) NV gegn belgíska ríkinu.

Mál C-405/95: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht München samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 14. desember 1995 í máli Bioforce GmbH gegn Oberfinanzdirektion München.

Mál C-406/95: Mál höfðað þann 27. desember 1995 af Lýðveldinu Ítalíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-407/95: Mál höfðað þann 22. desember 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-408/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Paris (fyrsta deild A) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 27. nóvember 1995 í máli Eurotunnel SA, France Manche SA, Eurotunnel PLC og The Channel Tunnel Group Limited gegn SA SNAT Nouvelle d'Armement Transmanche; meðalgöngumenn: International Duty Free Confederation, Airport Operators Association Limited, Cie Maritime Bretagne Angleterre Irlande og Passenger Shipping Association Limited.

Mál C-409/95: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Gelsenkirchen samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 21. desember 1995 í máli Hellmut Marschall gegn Land Nordrhein-Westfalen.

Mál C-410/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce, Nice, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 1. febrúar 1995 í máli Société des Grands Garages Méditerranéens SA og Nissan France gegn Société Nice Ouest Automobiles.

Mál C-1/96: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 12. desember 1995 í máli The Queen gegn Minister of Agriculture, Fisheries and Food, fyrir hönd: The Royal Society for the Prevention of Cruelty to Animals and Compassion in World Farming Ltd.

Mál C-2/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Ivrea - Sezione Distaccata di Strambino, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 14. desember 1995 í sakamáli á hendur Carlo Sunino og Giancarlo Data.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/11/19

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) frá 9. janúar 1996 í máli T-575/93: Casper Koelman gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (reglugerð nr. 17. - kröfu vísad frá - rökstuðningur - innlendur dómstóll).

Mál T-215/95: Mál höfðað þann 27. nóvember 1995 af Telecom Italia SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-229/95: Mál höfðað þann 18. desember 1995 af Telecom Italia Mobile SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-103/93 tekið af málaskrá: Jan Dietrich Arfmann gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Sameinuð mál T-159/93 o.fl. tekin af málaskrá: Heinrich Kröger gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-159/93), Paul Hay gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-160/93), Hugo Bumann gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-162/93), Hermann Weiland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-171/93), Heidrun Bormann gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-179/93), Jörn-Wulf Höper gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-201/93), Fritz Voß gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-202/93), Kurt Fröhlich jun. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-217/93 og Eberhard Kloth gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál T-225/93).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 17. nóvember 1995 í máli T-330/94: Salt Union Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (íhlutun - reglur um málnotkun).

(¹) Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 46, 17. 2. 1996.